

Vestfirskur framburður

Staða, greinileiki og alþýðuhugmyndir

1. Inngangur

Í þessari grein er sjónum beint að vestfirskum framburði, það er minnihlutaafbrigðum í íslenskum framburði sem hafa einkum verið tengd við Vestfirði.¹ Kynnt eru ný gögn um tíðni og dreifingu vestfirskra framburðareinkenna og þau sett í samhengi við niðurstöður fyrri rannsókna. Einnig er fjallað ítarlega um viðhorf og hugmyndir málnotenda, Vestfirðinga sjálfra og annarra, um vestfirskan framburð. Gögnunum var safnað í rannsóknarverkefninu *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ, styrkt af Rannsóknasjóði Rannís 2023–2025, styrknúmer 239723-053). Verkefnisstjórar voru Ásgrímur Angantýsson og Finnur Friðriksson. Markmið verkefnisins var að kanna stöðu svæðisbundinna framburðartilbrigða á Íslandi og þróun afbrigða frá um miðri 20. öld. Framburðarþróun einstaklinga var einnig rannsökuð, það er hvort málhafar úr fyrri yfirlitsrannsóknum hefðu viðhaldið eða breytt framburði sínum á lífsleiðinni. Loks var lögð áhersla á að kanna áhrif viðhorfa í framburðarþróun.

Vestfirskur einhljóðaframburður er vafalaust þekktasta vestfirska máleinkennið. Í honum felst að bera fram hljóðönnin /a, ö, e/ sem einhljóð þegar eftir fara samhljóðaklasarnir /ng/ og /nk/, en flestir málhafar bera þar fram tvíhljóð. Þetta á til dæmis við um orðin *langur* [laŋkʏr̥]/[laʊkʏr̥], *banki* [paŋkɪ]/[paʊkɪ], *göng* [kœŋk]/[kœiŋk], *þönk* [pʰœŋk]/[pʰœiŋk], *lengi* [lɛŋkɪ]/[lɛiŋkɪ] og *skenkja* [sœŋka]/[sœiŋka]. Einhljóðaframburður á /e/ hefur þó löngum verið sjaldgæfur og sama á við um einhljóðaframburð á /i/, en breytilegt er hvort

¹ Við þökkum tveimur ónafngreindum ritrynum kærlega fyrir gagnlegar athugasemdir. Ritstjórum og samstarfsfólki okkar í SVIÐ-verkefninu þökkum við sömuleiðis fyrir góða samvinnu.



sá síðarnefndi sé talinn til vestfirskra einkenna.² Í greininni takmarkast umfjöllun um einhljóðaframburð því við /a/ og /ö/.³ Auk þess verður til umræðu **vestfirsk áhersla**; það að hafa áherslu á forsetningunni í samsetningunni atviksorð–forsetning–fornafn: *framan 'í mig, út 'úr honum*. Flestir málhafar hafa þar áherslu á atviksorðinu: *'framan í mig, 'út úr honum*.⁴

Greinileiki vestfirsku, alþýðuhugmyndir og viðhorf til framburðarins eru í brennidepli þessarar greinar. Oft og tíðum eru vestfirsk einkenni tengd við einhljóðaframburð á /a/. Lítið er vítað um viðhorf til vestfirsku en þau virðast fremur hafa verið neikvæð þótt þau virðist hafa þróast í jákvæða átt í seinni tíð. Alþýðuhugmyndir um vestfirsku, það er hugmyndir almennra málnotenda, hafa ekki verið kannaðar áður og mun þessi rannsókn því stuðla að auknum skilningi á sambandinu milli viðhorfa og hugmynda um formleg einkenni vestfirsku og málbreytinga í tali einstaklinga.

Gögnin sem kynnt eru í greininni eru annars vegar fengin úr netkönnun og hins vegar netviðtölum sem tekin voru við hluta hópsins úr könnuninni. Í rannsókninni var landinu skipt í fjögur málsvæði: Norðurland (A), Vestfirði (B), Suður- og Suðausturland (C) og svokallað hlutlaust svæði (D), en því tilheyra aðrir landshlutar þar sem mörkuð framburðareinkenni er yfirleitt ekki að finna. Eins og gefur að skilja eru Vestfirðingar í aðalhlutverki í þessari grein en þátttakendur af öðrum landsvæðum koma við sögu þegar fjallað er um greinileika vestfirskis framburðar, sbr. (II) hér á eftir. Í könnuninni og viðtölunum tóku þátttakendur framburðarpróf, hlustuðu á upptökur og svöruðu spurningum um sýn þeirra á framburð þeirra sjálfra og annarra. Öllum þátttakendum var úthlutað svæði eftir uppruna og það réði því hvaða texta fólk las og hvaða upptökur það hlustaði á.

Í greininni eru eftirfarandi rannsóknarspurningar hafðar að leiðarljósi:

- I. Hver er staða vestfirskis framburðar í nútímanum og hvernig hefur hann þróast síðan á 20. öld?
- II. Að hve miklu leyti ber fólk utan Vestfjarða kennsl á vestfirskan framburð? Tengir fólk hann við einhverja sérstaka staði á Vestfjörðum eða ákveðin orð?
- III. Að hve miklu leyti eru Vestfirðingar meðvitaðir um vestfirsk framburðareinkenni og hvernig lýsa þeir þeim? Hvaða hugmyndir hafa

² Kristján Árnason, *Hljóð* (Íslensk tunga I), Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 393–394.

³ Í SVIÐ-rannsókninni mældist einhljóðaframburður á /e/ og /i/ nánast enginn (< 0,5% á Vestfjörðum; sjá umfjöllun um útreikninga í kafla 3).

⁴ Kristján Árnason, *Hljóð*, bls. 409.

þeir um eigin framburð og hversu mikilvægur þáttur í málfarslegri sjálfsmynd málhafa er svæðisbundinn framburður?

Skipulag greinarinnar er eftirfarandi. Í 2. kafla er fjallað um fyrri rannsóknir á svæðisbundnum framburði á Íslandi og fræðilegar forsendur rannsóknarinnar. Í 3. kafla er aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt. Í 4. og 5. kafla eru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar og ræddar. Loks er efnið tekið saman og hugmyndum um frekari rannsóknir varpað fram í 6. kafla.

2. Bakgrunnur

Rekja má sögu rannsókna á íslenskum framburði um öld aftur í tímann.⁵ Fyrsta yfirlitsrannsóknin á svæðisbundnum framburðartilbrigðum hérlandis var gerð af Birni Guðfinnssyni á fimmta áratug 20. aldar, en veigamesti hluti rannsóknarinnar (héðan í frá BG) var könnun á framburði 6520 skólabarna um allt land.⁶ Þegar vísað er í niðurstöður BG er átt við þá könnun.

Fjörutíu árum síðar stóðu Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason fyrir *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (RÍN). Svo bera mætti saman framburð ungs fólks á ólíkum tímum var sérstök áhersla lögð á að kanna málhafa á aldrinum 12–20 ára í RÍN. Sömuleiðis var mikið lagt upp úr því að fá þátttakendur á miðjum aldri (46–55 ára), meðal annars fólk sem hafði tekið þátt í BG sem börn.⁷ RÍN var þannig blanda af stefnurannsókn (e. *trend study*) og hóprannsókn (e. *panel study*), en það eru tvær tegundir svokallaðra rauntímarannsókna. Í stefnurannsókn er fyrri rannsókn endurtekin en nýir þátttakendur kannaðir og í hóprannsókn eru þátttakendur úr fyrri rannsókn kannaðir aftur.⁸ Þátttakendur í RÍN voru um 3000 og þar af höfðu um 400 tekið þátt í BG á fimmta áratugnum. Langflestir þeirra sem voru prófaðir aftur voru staðfastir (bjuggu enn á æskulóðum sínum).⁹

⁵ Guðvarður Már Gunnlaugsson, „Íslenskar mállýskurannsóknir: Yfirlit og ritaskrá“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8/1986, bls. 207–225; Helga Hilmisdóttir og Ásta Svavarsdóttir, „Icelandic Dialect Classifications“, *Dialectologia, Special issue XI*, 11/2023, bls. 147–175, hér bls. 154–157, <https://doi.org/10.1344/DIALECTOLOGIA2023.2023.6>.

⁶ Björn Guðfinnsson, *Mállýzkur I*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946; Björn Guðfinnsson, *Um íslenskan framburð. Mállýzkur II*, Reykjavík: Heimspékideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1964.

⁷ Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Phonological Variation in 20th Century Icelandic“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14/1992, bls. 89–128, hér bls. 94.

⁸ Gillian Sankoff, „Age, Apparent Time and Real Time“, *Encyclopedia of Language & Linguistics*, ritstjóri Keith Brown, Amsterdam: Elsevier, 2006, 2. útgáfa, bls. 110–116.

⁹ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingur og samfélag*, doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2022, bls. 91–92, <https://hdl.handle>.

Árið 2010 hófst rannsóknin *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (RAUN), leidd af Höskuldi Þráinssyni. RAUN var aðallega hóprannsókn og framburður ríflega 600 þátttakenda var kannaður í annað eða þriðja sinn yfir ævina. Sumir höfðu tekið þátt í BG á barnsaldri, hluti þeirra einnig í RÍN á fimmtugsaldri, og voru því komnir um áttrett í RAUN. Aðrir höfðu fyrst tekið þátt í RÍN og enn aðrir tóku fyrst þátt í RAUN.¹⁰

Þessar yfirlitsrannsóknir, BG, RÍN og RAUN, eru ómetanleg heimild um þróun svæðisbundinna framburðarabrigða á Íslandi. Vestfirsk einkenni eru þar á meðal en þau hafa þó að sumu leyti fengið minni athygli í samanburði við önnur minnihlutaabrigði. Í *Hljóðum*, riti Kristjáns Árnasonar, er fjallað ítarlega um eðli vestfirsks einhljóðaframburðar og í kjölfarið er gefið stutt yfirlit um tíðni hans og dreifingu í BG og RÍN. Á tímum BG var einhljóðaframburðurinn ekki bundinn við Vestfirði heldur teygði hann sig suður í Snæfellsnessýslu. Aftur á móti var hann vart mælanlegur utan Vestfjarðakjálkans í RÍN, var almennt séð orðinn sjaldgæfari og kom nánast eingöngu fyrir á /a/ og /ö/. Í báðum rannsóknum voru Ísafjarðarsýslur kjarnasvæði einhljóðaframburðarins. Vestfirsk áhersla var ekki könnuð í BG en í RÍN var hana helst að finna hjá eldri kynslóðum í Vestur-Ísafjarðarsýslu.¹¹

Eftir því sem við best vitum hafa tölur um vestfirskan framburð í RAUN aðeins verið birtar í BA-ritgerð Daníels Þórs Heimissonar frá 2019. Þar er þó aðeins unnið með gögn um einhljóðaframburð hjá 28 málhöfum úr Ísafjarðarsýslum á fimmtugsaldri og upp úr. Vegna þessara takmarka RAUN-gagnanna er einblínt á samanburð við RÍN þegar niðurstöður SVIÐ eru ræddar. Samkvæmt ritgerð Daníel Þórs hafði tíðni einhljóðaframburðar á /a/ staðið í stað síðan í RÍN en einhljóðaframburður á /ö/ var orðinn sjaldgæfari í norðursýslunni og algengari í vestursýslunni.¹² Aðalmarkmið Daníels Þórs var að kanna áhrif mismunandi rannsóknaraðferða í RÍN og RAUN, en í báðum rannsóknum lásu þátttakendur upp texta annars vegar og nefndu hluti á myndum hins vegar. Mestan mun á framburði eftir aðferð var að finna hjá eldri körlum, sem höfðu frekar einhljóðaframburð í upplestri en lýsingu mynda.¹³ Líkt og Daníel Þór ræðir gæti verið að jákvæð viðhorf vestfirskra karla til framburðarins (sjá umræðu um rannsókn

net/20.500.11815/3419.

¹⁰ Sama rit, bls. 97.

¹¹ Kristján Árnason, *Hljóð*, bls. 391–395.

¹² Daníel Þór Heimisson, *Í lestri hann er [laykvr] og ber en í tali frekar [strauykvr] og þver. Um vestfirskan einhljóðaframburð*, bakkalárritgerð í íslensku við Háskóla Íslands, 2019, bls. 25–26, <https://hdl.handle.net/1946/32895>.

¹³ Sama rit, bls. 49.

Þóru Bjarkar Hjartardóttur síðar í kaflanum) hafi þau áhrif að þeir „yki“ fram-
burðinn þegar þeir eru meðvitaðir um að verið sé að kanna hann (sem sé frekar
raunin með lestraraðferð).¹⁴

Seinni hluti þessarar rannsóknar sækir fræðilegan innblástur til alþýðumál-
fræði (e. *folk linguistics*) og skynjunarmállýskumálfræði (e. *perceptual dialectology*).¹⁵
Nálganirnar eru nátengdar og leitast við að varpa ljósi á skynjun, viðbrögð og
viðhorf venjulegra málnotenda, það er málnotenda án bakgrunns í málvísind-
um eða tengdum fögum (einfaldlega „fólksins“ eða almennings), til máls og mál-
breytileika.¹⁶ Alþýðumálfræði og skynjunarmállýskufraði snúast í grunninn um
að greina skynjun og viðhorf fólks til máls og málbreytinga eins og þau birtast
há málnotendunum sjálfum, og þessi nálgun getur því veitt fræðafólki innsýn í
þau málafbrigði og breytur sem eru áberandi í hugum fólks. Þannig geta rann-
sóknir varpað ljósi á alþýðuþekkingu og undirliggjandi hugmyndafræði með því
að kanna menningarleg viðhorf (e. *cultural beliefs*) málhafanna.¹⁷ Samkvæmt þessu
getur verið verulegur munur á fræðilegri (e. *etic*) þekkingu annars vegar og við-
horfum og alþýðuþekkingu (e. *emic*) hins vegar. Útskýra má þennan hugsanlega
mun með því að þau afbrigði og flokkunarkerfi sem málfræðingar telja mikilvæg
við skynjun og mat á máli geta verið frábrugðin þeim sem málnotendum sjálfum
þykir merkingarbær.¹⁸

Fjölmargar rannsóknir hafa kannað meðvitund málnotenda um málbreyti-
leika og margar þeirra hafa einblínt á svæðisbundinn mun. Fræðafólk hefur
leitast við að skilgreina mismunandi stig meðvitundar frá ólíkum sjónarhornum

¹⁴ Nýlega var skrifuð önnur BA-ritgerð um vestfirskan framburð en vegna smæðar rann-
sóknarinnar er látið nægja að benda á hvar hana er að finna: Rebekka Rán Magnús-
dóttir, *Áhrifavald meirihlutamálsins. Staða vestfirska framburðartilbrigða og viðhorf til þeirra*, bak-
kalárritgerð í íslensku við Háskóla Íslands, 2022, <https://hdl.handle.net/1946/42467>.

¹⁵ Betsy E. Evans, Erica J. Benson og James N. Stanford (ritstjórar), *Language Regard. Methods, Variation and Change*, Cambridge: Cambridge University Press, 2018; Nancy A. Niedziel-
ski og Dennis R. Preston, *Folk Linguistics*, Berlín og New York: De Gruyter, 2003.

¹⁶ Dennis R. Preston, „What is Folk Linguistics? Why Should You Care?“, *Lingua Posnaniensis* 47: 2005, bls. 143–162, hér bls. 143.

¹⁷ Dennis R. Preston, „Language regard. What, why, how, whither?“, *Language Regard. Methods, Variation and Change*, ritstjórar Betsy E. Evans, Erica J. Benson og James N. Stan-
ford, Cambridge: Cambridge University Press, 2018, bls. 3–28, hér bls. 3.

¹⁸ James Lett, „Emics and Etics. Notes on the Epistemology of Anthropology“, *Emics and Etics. The Insider/Outsider Debate*, ritstjórar Thomas N. Headland, Kenneth L. Pike og Marvin Harris, Newbury Park: Sage, 1990, bls. 127–142, hér bls. 130; Jennifer Cramer, „The Emic and the Etic in Perceptual Dialectology“, *Language Regard. Methods, Variation and Change*, ritstjórar Betsy E. Evans, Erica J. Benson og James N. Stanford, Cambridge: Cambridge University Press, 2018, bls. 62–79, hér bls. 63–64, <https://doi.org/10.1017/9781316678381.004>.

og beitt mismunandi hugtökum á borð við *meðvitund*, *greinileika* og *þekktanleika*.¹⁹ Ekki er unnt að veita yfirlit yfir rannsóknir á því sviði í þessari grein en notast er við hugtakið *greinileika* þegar skoðað er hvar málnotendur, aðrir en Vestfirðingar, staðsetja vestfirsk framburðareinkenni (sjá kafla 4.2). Aftur á móti er hugtakið *meðvitund* notað þegar fjallað er um frásagnir Vestfirðinga og þeirra sýn á eigin framburð (sjá kafla 5).

Til að halda okkur innan ramma alþýðumálfræði notum við tillögur Dennis Prestons að fjórum þáttum málvísindalegrar meðvitundar.²⁰ Fyrstu þrír þættirnir endurspeglar mismunandi hliðar þeirrar þekkingar sem venjulegir málnotendur búa yfir á formlegum einkennum máls. Þeir eru tiltækileiki (e. *availability*), nákvæmni (e. *accuracy*) og ítarleiki (e. *detail*). Fyrsti þátturinn snýst um hvort málfræðilegar staðreyndir séu aðgengilegar meðvitund málnotenda. Sé það raunin er gerður greinarmunur á því hvort (i) staðreyndirnar séu algengar í umræðum í málsamfélagi (og þar með staðalmyndir), (ii) auðvelt sé að kalla þær fram, (iii) þær séu eingöngu tiltækar eftir nákvæmar útskýringar frá fræðafólki eða (iv) hvort þær séu venjulegum málnotendum einfaldlega ekki tiltækar og þeim sé því ekki kleift að tjá sig um fyrirbærið með opnum hætti. Annar þátturinn, nákvæmni, snýst um hversu nákvæmlega lýsingar venjulegra málnotenda endurspeglar málvísindalegar staðreyndir. Þriðji þátturinn, ítarleiki, snýr að því hversu ítarlega venjulegir málnotendur lýsa tilteknum málvísindalegum fyrirbærum. Fjórdi þátturinn, stjórn (e. *control*), beinist að því að hve miklu leyti málnotendur geta meðvitað stjórnað notkun á tilteknu máleinkenni, oft með eftirhermum.²¹ Eftirhermur geta þannig gert fræðafólki kleift að bera kennsl á hvaða máleinkenni eru tiltæk hjá venjulegum málnotendum, bera þær saman við fræðilegar lýsingar á þeim einkennum og kanna hugmyndir fólks um þau.

Eitt meginmarkmiða rannsókna á sviði skynjunarmállýskumálfræði er að

¹⁹ Katie Drager og M. Joelle Kirtley, „Awareness, Salience, and Stereotypes in Exemplar-based Models of Speech Production and Perception“, *Awareness and Control in Sociolinguistic Research*, ritstjóri Anna M. Babel, Cambridge: Cambridge University Press, 2016, bls. 1–24, <https://doi.org/10.1017/CBO9781139680448.003>; Dennis R. Preston, „Whaddayaknow? The Modes of Folk Linguistic Awareness“, *Language Awareness* 5: 1/1996, bls. 40–74, <https://doi.org/10.1080/09658416.1996.9959890>; Peter Trudgill, *Dialects in Contact*, Oxford og New York: Basil Blackwell, 1986, bls. 12.

²⁰ Dennis R. Preston, „Whaddayaknow?“, bls. 187; Dennis R. Preston, „Folk Linguistics and Language Awareness“, *The Routledge Handbook of Language Awareness*, ritstjórar Peter Garrett og Josep M. Cots, New York: Routledge, 2017, bls. 375–386.

²¹ Dennis R. Preston, „Whaddayaknow?“, bls. 187; Dennis R. Preston, „Whaddayaknow now?“, *Awareness and Control in Sociolinguistic Research*, ritstjóri Anna M. Babel, Cambridge: Cambridge University Press, 2016, bls. 177–199, hér bls. 187, <https://doi.org/10.1017/CBO9781139680448.010>.

greina hvernig málvísindalegar staðreyndir tengjast hugmyndum venjulegra málnotenda um landfræðilega dreifingu þeirra.²² Oft er notast við aðferðir viðhorfsrannsóknna á borð við grímupróf (e. *matched-guise technique*) eða hulinspróf (e. *verbal-guise technique*) fyrir staðsetningu einkenna (e. *voice-placing*) og hugarkort (e. *map-drawing*). Þegar kemur að formlegum einkennum eru málnotendur oft færir um að greina á milli svæðisbundinna afbrigða og tengja þau við ákveðið mat eða staðalímyndir.²³ Hafa ber í huga að félagslegar breytur, til að mynda kyn, aldur og menntun, geta haft áhrif á bæði greiningu afbrigða og notkun þeirra. Einnig má nefna að félagslegar breytingar innan ákveðins málsamfélags og einstaklingsbundnir þættir, svo sem flutningar fólks milli landshluta, geta ráðið ferðinni varðandi breytingar í máli einstaklinga og viðhorf til málaafbrigða. Viðhorfum til málaafbrigða er gjarnan skipt í þætti á borð við virðingu í málsamfélagi og samtöðutengdar breytur, það er hvort málhafinn er til að mynda talinn vingjarnlegur eða aðlaðandi.²⁴ Einnig má gera greinarmun á því hvað telst rétt mál og þægilegt mál, það er hversu þægilegt þykir að hlusta á málaafbrigðið.²⁵

Hérlandis hafa viðhorf til svæðisbundins framburðar verið talsvert minna rannsókuð en framburðarafbrigðin sjálf og þar er vestfirska engin undantekning. Viðhorf voru ekki rannsókuð skipulega í RÍN en í lok tíunda áratugarins greindi Þóra Björk Hjartardóttir ummæli 30 Vestfirðinga úr viðtölum rannsóknarinnar. Í ljós kom að Vestfirðingar sjálfir höfðu nokkuð jákvæð viðhorf til heimaslóðanna og eigin framburðar en þar kom þó fram nokkur kynjamunur. Karlarnir höfðu langflestir jákvæð viðhorf en viðhorf kvennanna voru ýmist jákvæð, hlutlaus eða neikvæð.²⁶ Þegar litið er til viðhorfa annarra en Vestfirðinga eru vísbendingar

²² Dennis R. Preston, „Language, People, Salience, Space. Perceptual Dialectology and Language Regard“, *Dialectologia* 5: 2010, bls. 87–131.

²³ Michael Elmentaler, „Dialectal Concepts of Space and Linguistic Variation“, *Dialectological and Folk Dialectological Concepts of Space. Current Methods and Perspectives in Sociolinguistic Research on Dialect Change*, ritstjórar Sandra Hansen, Christian Schwarz, Philipp Stoeckle og Tobias Streck, Berlín, Boston: De Gruyter, 2012, bls. 31–47, hér bls. 32, <https://doi.org/10.1515/9783110229127.31>.

²⁴ Peter Garrett, *Attitudes to Language*, Cambridge: Cambridge University Press, 2010; Howard Giles, „Evaluative Reactions to Accents“, *Educational Review* 22: 3/1970, bls. 211–227, <https://doi.org/10.1080/0013191700220301>; Erez Levon, Devyani Sharma og Christian Illbury, *Speaking Up. Accents and Social Mobility*, London: Sutton Trust, 2022.

²⁵ Dennis R. Preston, *Perceptual Dialectology. Nonlinguists' Views of Areal Linguistics*, Berlín, New York: Walter de Gruyter, 2011.

²⁶ Þóra Björk Hjartardóttir, „Framburður, viðhorf og kynferði“, *Íslenskar kvennarrannsóknir*, ritstjórar Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum, 1997, bls. 67–76, hér bls. 73.

um að viðhorf til vestfirsku hafi verið heldur neikvæð, einkum áður fyrr, en að þau hafi orðið jákvæðari í seinni tíð.²⁷ Fróðlegt er að líta til Heimis Más Péturssonar fréttamanns í þessu samhengi, en þeim upplýsingum sem eru gerð skil hér byggja á viðtali sem Daníel Þór Heimisson tók við hann sem hluta af BA-ritgerð sinni. Heimir Már er fæddur á Ísafirði og margir þekkja hann einnig vegna vestfirskra einkenna í tali hans. Hann segist hafa dregið úr vestfirskum einkennum þegar hann hóf störf sem fréttapúllur vegna athugasemda fréttastjórans um að framburður hans myndi vekja of mikla athygli. Nokkrum árum seinna ákvað hann svo að taka framburðinn upp aftur og gera hann að sérkenni sínu. Að sögn Heimis Más kýs fólk nú að hlusta á hann einmitt vegna framburðarins og það sýni ákveðna viðhorfsbreytingu gagnvart vestfirskunni.²⁸

Vísbendingar eru um að málnotendur séu síður meðvitaðir um einhljóðaframburð á /ö/ en /a/.²⁹ Samkvæmt Þóru Björk hefur viðhorfsbreytingin til hins jákvæða gagnvart vestfirsku leitt til þess að einhljóðaframburður á /a/ hafi öðlast nýtt hlutverk í tjáningu staðbundinnar sjálfsmyndar (e. *local identity*). Með notkun einhljóðaframburðar á /a/ tjái fólk sjálfsmynd sína sem Vestfirðinga og um leið samsömun við heimahaga.³⁰

Í fjölda rannsókna á sviði alþýðumálfræði hafa verið kannaðar hugmyndir fólks um málsvæði og hvar mörk liggja þeirra á milli.³¹ Engu að síður er nokkuð óljóst hvernig málnotendur afmarka sitt málsvæði og hvaða áhrif það hefur á svæðisbundna sjálfsmynd þeirra.³² Þó sýna rannsóknir að minnihlutaafbrigði í máli hafa aukið gildi fyrir sjálfsvitund málnotenda og tengsl þeirra við heima-

²⁷ Daníel Þór Heimisson, *Í lestri hann er [laŋkvr] og ber en í tali frekar [straunŋkvr] og þver*, bls. 36.

²⁸ Sama rit, bls. 38.

²⁹ Sama rit, bls. 37; Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Phonological Variation in 20th Century Icelandic“, bls. 117; Baldur Ragnarsson, *Íslensk hljóðfræði*, Reykjavík: Skálholt, 1969, bls. 27.

³⁰ Þóra Björk Hjartardóttir, „Framburður, viðhorf og kynferði“, bls. 68.

³¹ Jennifer Cramer, „The Emic and the Etic in Perceptual Dialectology“; Stefan Hundt, Alexander Lasch og Ada C. Anders (ritstjórar), „*Perceptual Dialectology*“: *Neue Wege der Dialektologie*, Berlín og New York: De Gruyter, 2010; Dennis R. Preston, „Folk Dialect Maps“, *Language Variation in North American English. Research and Teaching*, ritstjórar Wayne Glowka og Donald M. Lance, New York: Modern Language Association of America, 1993, bls. 105–118; Dennis R. Preston, „Folk Dialectology“, *American Dialect Research*, ritstjóri Dennis R. Preston, Amsterdam og Philadelphia: Benjamins, 1993, bls. 333–377.

³² Philipp Stoeckle, „The Folk Linguistic Construction of Local Dialect Areas – Linguistic and Extra-linguistic Factors“, *Dialectological and Folk Dialectological Concepts of Space. Current Methods and Perspectives in Sociolinguistic Research on Dialect Change*, ritstjórar Sandra Hansen, Christian Schwarz, Philipp Stoeckle og Tobias Streck, Berlín og Boston: De Gruyter, 2012, bls. 142–163, hér bls. 142, <https://doi.org/10.1515/9783110229127.142>.

hagana.³³ Með tilliti til þess hvernig málnotendur afmarka mismunandi málsvæði fylgja þeir gjarnan hugmyndum um ákveðinn miðpunkt og útjaðar (e. *centre/periphery model*).³⁴ Samkvæmt þessu líkani telur fólk að málsvæði séu byggð í kringum kjarnasvæði með óskýr mörk í jaðrinum.

3. Aðferðafræði

Í þessum kafla er fjallað um aðferðir við söfnun, úrvinnslu og greiningu gagna í SVIÐ.

3.1 Gagnasöfnun

Gögnum var safnað í tveimur megináföngum. Í fyrsta lagi fengu 3000 málhafar um land allt boð um að taka þátt í netkönnun um svæðisbundinn breytileika í íslenskum framburði.³⁵ Könnunin var gerð í samstarfi við Félagsvísindastofnun haustið 2023 og var þrískipt:

A. Þátttakendur tóku upp upplestur sinn á texta, annars vegar almennum texta sem prófar ýmsar framburðarbreytur í íslensku og hins vegar sértexta sniðnum að málsvæði viðkomandi (aðeins þátttakendur utan hlutlaus svæðisins). Upplestrartextarnir voru upphaflega samdir fyrir RÍN og samanburður milli rannsókna er því nokkuð auðveldur. Í RÍN og RAUN var þó líka notaður myndalisti við framburðarprófanir og niðurstöður SVIÐ byggja því á aðeins færri markorðum.

B. Hulinspróf (e. *verbal guises*) voru lögð fyrir alla þátttakendur þar sem þeir hlustuðu á upptökur af svæðisbundnum framburði frá öðrum landshlutum en þeirra eigin.³⁶ Þátttakendur voru síðan spurðir margvíslegra spurninga um vitund þeirra og viðhorf til málafbrigða í hljóðdæmunum, til dæmis hvaðan þeir teldu lesarann vera og hvers vegna.³⁷

³³ J. K. Chambers og Peter Trudgill, *Dialectology*, Cambridge University Press, 1998; Klaudia Casper, *Spracheinstellungen. Theorie und Messung*, Norderstedt: Books on Demand, 2002.

³⁴ Peter Auer, „Sprache, Grenze, Raum“, *Zeitschrift für Sprachwissenschaft* 23: 2/2004, bls. 149–179, hér bls. 152.

³⁵ Hópurinn samanstóð af a) 1000 unglíngum (12–20 ára) sem valdir voru af handahófi b) 1000 þátttakendum sem áður höfðu tekið þátt í RÍN og c) 1000 manna handahófsúrtaki úr Þjóðskrá, 12 ára og eldri. SVIÐ var þannig blanda af hóp- og stefnurannsókn.

³⁶ Textarnir sem voru lesnir upp í upptökunum eru þeir sömu og notaðir voru til að prófa framburð þátttakenda. Upptökurnar eru þó ekki úr þeim hluta könnunarinnar heldur höfðu þær verið teknar upp fyrir fram þar sem málhafar voru sérstaklega valdir með tilliti til viðkomandi framburðarbrigða.

³⁷ Ellen Bijvoet og Kari Fraurud, „What’s the Target? A Folk Linguistic Study of Young

C. Síðasti hluti netkönnunarinnar sneri að hugmyndum þátttakenda um eigin framburð, til dæmis hvort þeir teldu sig hafa viðhaldið upphaflegum framburði sínum. Þeir voru einnig spurðir að því hvort þeir teldu eigin framburð mikilvægan þátt í sjálfsmynd sinni og hvort hann væri breytilegur eftir aðstæðum.

Seinni megináfangi gagnasöfnunarinnar fólst í 160 einstaklingsviðtölum við úrtak málfara úr fyrri áfanganum. Markmiðið með viðtölunum var að kanna nánar viðhorf og hugmyndir þátttakendanna um eigin framburð og annarra. Hönnun viðtalanna byggðist á spurningalistum sem þróaðir voru í forkönnunum SVIÐ og þeim aðferðum sem Stefanie Bade hefur beitt.³⁸ Viðtölin voru greind með aðferðum þemagreiningar.³⁹

3.2 Úrvinnsla og greining gagna

960 nothæf svör fengust við framangreindri netkönnun. Langfæst svör bárust frá Vestfjörðum en alls tóku 77 Vestfirðingar þátt í könnuninni. Flestir þeirra (38) eru úr Norður-Ísafjarðarsýslu þar sem finna má stærsta þéttbýlisstað landslutans, Ísafjarðarkaupstað. Þar á eftir koma Strandasýsla (15) og Vestur-Ísafjarðarsýsla (14), Vestur-Barðastrandarsýsla (9) og Austur-Barðastrandarsýsla (1). Rétt tæplega helmingur vestfirsku þátttakendanna í SVIÐ, 36 manns, hafði áður tekið þátt í RÍN og/eða RAUN. Engir Vestfirðingar voru í hópi þeirra 23 þátttakenda í SVIÐ sem tóku þátt í BG sem börn.

45 af Vestfirðingunum 77 eru nú búsettir á Vestfjörðum, sumir þeirra hafa búið þar alla tíð en aðrir hafa dvalið annars staðar í skamman tíma. 32 manns fluttu brott á einhverjum tímamarki og hafa ekki snúið aftur. Eftirfarandi aldurshópar eru fjölmennastir: 12–20 ára (24), 46–55 ára (24) og 56–70 ára (18). Talsvert færri eru í aldurshópunum 21–45 ára (6) og 71 árs og eldri (5). Í kjölfar netkönnunarinnar komu 23 Vestfirðingar í viðtal og sá hópur er því hlutfallslega nokkuð stór.

Stockholmers' Constructions of Linguistic Norm and Variation“, *Language Awareness* 25: 1–2/2015, bls.17–39, <https://doi.org/10.1080/09658416.2015.1122021>; Dennis R. Preston, *Perceptual Dialectology*; Stefanie Bade, „Voice-placing Strategies and Folk Ideas of L2-accented Icelandic: Perceptions of Familiarity, Cultural Stereotypes, and Phonological Features“, *Linguistik Online* 134: 2/2025, bls. 83–104, <https://doi.org/10.13092/lo.134.12181>.

³⁸ Stefanie Bade, *Accents and Folk Linguistics: A Grounded-theoretical Analysis of Icelanders' Reactions to Foreigners' Use of Icelandic*, doktorsritgerð í íslenskrí málfraði við Háskóla Íslands, 2023, <https://hdl.handle.net/20.500.11815/4264>.

³⁹ Virginia Braun og Virginia Clarke, *Thematic Analysis. A Practical Guide*, London og Los Angeles: Sage, 2022.

Í könnuninni var þátttakendum frjálst að sleppa því að skila inn upptökum. Í kafla 4.1 er því aðeins unnið með framburðargögn 55 þátttakenda. Tveir rannsakendur fóru yfir hverja upptöku og greindu þau hljóðfræðilegu atriði sem voru til skoðunar. Þátttakandi fékk tvö stig fyrir hvert markorð sem viðkomandi las með vestfirskum framburði og eitt fyrir hvert markorð lesið með meirihlutaframburði. Í upplestrartextunum eru samtals sjö markorð fyrir einhljóðaframburð á /a/, fimm fyrir einhljóðaframburð á /ö/ og níu fyrir vestfirska áherslu. Meðaleinkunnirnar sem eru settar fram í kafla 4.1 eru meðaltal stigagjafarinnar fyrir öll markorðin hjá öllum þátttakendum tiltekins svæðis. Í kafla 5 er hins vegar vísað til meðaleinkunnar einstaklinga sem er reiknuð út í prósentum í samræmi við notkun þeirra á tilteknum framburðarafrbrigðum: 0% = engin einkenni; 100% = hreinn staðbundinn framburður.

4. Staða og greinileiki vestfirskis framburðar

Í fyrri hluta þessa kafla verða kynntar niðurstöður um tíðni og dreifingu einkennanna í SVID og þær settar í samhengi við fyrri rannsóknir. Í seinni hluta verður svo stuttlega fjallað um greinileika vestfirskis framburðar.

4.1 Tíðni og dreifing vestfirskra framburðareinkenna

Í *töflu 1* má sjá meðaleinkunnir fyrir einhljóðaframburð á /a/ og /ö/ eftir sýslum, auk stærðar og aldursbils þátttakendahópsins í hverri sýslu.

Sýsla	N	Aldursbil	/a/	/ö/
Austur-Barðastrandarsýsla	1	13 ára	0%	0%
Vestur-Barðastrandarsýsla	6	13–65 ára	0%	0%
Vestur-Ísafjarðarsýsla	12	13–74 ára	15,1%	27,5%
Norður-Ísafjarðarsýsla	25	15–76 ára	15,7%	12,4%
Strandasýsla	11	12–52 ára	4,3%	4,1%
Alls á Vestfjörðum	55	13–76 ára	11,1%	12,1%

Tafla 1: Tíðni einhljóðaframburðar á /a/ og /ö/ eftir sýslum.

Þegar á heildina er litið er tíðni einhljóðaframburðar í gögnunum lág. Hann mældist nánast eingöngu í Ísafjarðarsýslum en þar er líka að finna flesta þátttakendur og breiðasta aldursbilið. Af þeim sökum eru Ísafjarðarsýslur í brennidepli í umfjölluninni hér á eftir. Alhæfingargildi gagnanna mætti vera meira en þau gefa þó nokkra vísbendingu um stöðu vestfirskis framburðar í nútímanum.

Tafla 1 sýnir að tíðni einhljóðaframburðar á /a/ er nánast sú sama í Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslu eða um 15%. Eins og búast mátti við hefur tíðnin lækkað á síðustu 40 árum, en í RÍN mældist hann 21,2% í norðursýslunni og 23,3% í vestursýslunni. Notuð var línuleg aðhvarfsgreining til að kanna áhrif aldurs og upprunasýslu á tíðni einhljóðaframburðar á /a/ í Ísafjarðarsýslum, en gögnum úr öðrum sýslum var sleppt vegna fæðar þátttakenda og lágrar tíðni afbrigðisins.⁴⁰ Eldri þátttakendur voru aðeins líklegri til að hafa einhljóðaframburð á /a/ en yngri en aldursbreytan bætti þó líkanið ekki marktækt ($p = 0,22$). Það gerði upprunasýsla ekki heldur ($p = 0,82$). Þegar einkunnir einstakra málhafa fyrir einhljóðaframburð á /a/ eru skoðaðar vekur sérstaka athygli að einn þátttakendanna með hæstu einkunnina var rétt rúmlega tvítug stúlka sem skoraði tæplega 60% (hæsta einkunnin var 86%). Hún hafði hins vegar alltaf tvíhljóðaframburð á /ö/ og hafi vitund áhrif í þessu samhengi rímar þetta ágætlega við vísbendingar um að einhljóðaframburður á /a/ sé álitinn aðaleinkenni vestfirsku.

Þegar litið er til einhljóðaframburðar á /ö/ vekur athygli að hann virðist þó nokkuð algengari í Vestur-Ísafjarðarsýslu (27,5%) en Norður-Ísafjarðarsýslu (12,4%). Svipað mynstur var að finna í RÍN: 49,8% í vestursýslunni en 40,4% í norðursýslunni.⁴¹ Þegar einhljóðaframburður á /ö/ í sýslunum tveimur var skoðaður nánar var aldur þó sú breyta sem bætti líkanið mest. Marktækt jákvætt samband mældist á tíðni einhljóðaframburðar á /ö/ og aldurs ($p < 0,01$) en uppruni bætti líkanið ekki frekar ($p = 0,72$).

Af þessum tölum má einnig sjá að tíðni einhljóðaframburðar hefur lækkað meira á /ö/ en /a/ síðan í RÍN. Þá var einhljóðaframburður á /ö/ algengari en á /a/ í öllum sýslum og sums staðar var talsverður munur, til dæmis munaði rúmlega 25% í Vestur-Ísafjarðarsýslu og tæpum 20% í Norður-Ísafjarðarsýslu. Við fyrstu sýn virðist þessi munur á /a/ og /ö/ halda sér í vestursýslunni en í SVIÐ eru þó aðeins 12 þátttakendur úr þeirri sýslu og munurinn mældist

⁴⁰ Líkönin voru keyrð með pakkanum *lme4* í tölræðiforritinu R. Bundin áhrif (e. *fixed effects*) líkananna voru aldur og sýsla en ekki var hægt að meta samvirkni þeirra (e. *interaction*) vegna takmarkaðs gagnamagns. Slembiáhrif (e. *random effects*) fyrir þátttakendur og markorð voru tekin með í reikninginn. Líkönin voru borin saman með breytileikagreiningu (*ANOVA*) til að kanna hvort bundnu áhrifin bættu líkanið marktækt. Sömu aðferð var beitt fyrir einhljóðaframburð á /ö/. Douglas Bates, Martin Maechler, Ben Bolker og Steve Walker, „Fitting Linear Mixed-Effects Models Using lme4“, *Journal of Statistical Software* 67: 1/2015, bls. 1–48, <https://doi.org/10.18637/jss.v067.i01>; R Core Team, *R. A Language and Environment for Statistical Computing*, Vín: R Foundation for Statistical Computing, 2025.

⁴¹ Kristján Árnason, *Hljóð*, bls. 394.

ekki marktækur ($p = 0,15$). Í norðursýslunni munar nú aðeins fáeinum prósentu-
stigum /a/ í vil. Mögulegt er að vitund málnotenda um einhljóðaframburð á
/a/ hafi jákvæð áhrif á varðveislu hans.

Tíðni einhljóðaframburðar í Strandasýslu mældist afar lág, aðeins um 4% á
bæði /a/ og /ö/. Í RÍN var einhljóðaframburður sjaldgæfastur í Strandasýslu
(10,7% á /a/, 18,6% á /ö/) og svo virðist sem einkennið sé þar á hröðu undan-
haldi. Þó skal tekið fram að Strandamenn í SVIÐ eru fámennur og einsleitur
hópur þar sem átta af ellefu málhöfum eru undir tvítugu. Ekki er útilokað að
meira eimi eftir af einhljóðaframburði hjá eldri kynslóðum í sýslunni.

Sarafáir þátttakendur eru úr Barðastrandarsýslum (7) og framburðartölum
ber því að taka með miklum fyrirvara. Þrátt fyrir það kemur á óvart að ekki
vottur af einhljóðaframburði hafi mælst hjá málhöfunum þaðan, hvorki á /a/
né /ö/. Þeir Barðstrendinganna eru vissulega á unglingsaldri en hinir fjórir eru
á sextugs- og sjötugsaldri og því hefði ekki verið óvænt ef þeir síðarnefndu hefðu
sýnt einhver merki einhljóðaframburðar. Í RÍN var tíðni einhljóðaframburðar
á /a/ í Barðastrandarsýslum sambærileg við Ísafjarðarsýslur (um 20%) og ein-
hljóðaframburður á /ö/ mældist einnig þó nokkur (um 30%).⁴² Líkt og áður
sagði er þó takmarkað hægt að álykta út frá svo fáum málhöfum.

Vestfirsk áhersla mældist afar sjaldgæf í SVIÐ. Aðeins bar á einkenninu
hjá sjö þátttakendum; fjórum úr Vestur-Ísafjarðarsýslu, tveimur úr Norður-Ísa-
fjarðarsýslu og einum úr Strandasýslu. Í RÍN mældist vestfirsk áhersla sterkust í
Vestur-Ísafjarðarsýslu en var þó lítt áberandi nema meðal málhafa á sextugsaldri
og upp úr (meðaleinkunn um 30%). Því vekur athygli að tveir þeirra sem mæld-
ust með einkennið í SVIÐ eru undir tvítugu, en hjá þeim – og raunar öllum
nema einum þátttakanda – kom áherslan aðeins einu sinni fyrir. Málhafinn með
hæstu einkunnina hafði vestfirska áherslu í fimm skipti af níu mögulegum og
einkennið setti því talsverðan svip á upplesturinn. Í viðtali sem síðar var tekið við
viðkomandi kom í ljós að hún var mjög meðvituð um vestfirsk framburðarein-
kenni. Hún minntist þess að hafa fyrst orðið meðvituð um þessa „forsetningar-
áherslu“ um tvítugt þegar málhafi annars staðar af landinu tók eftir einkenninu
í máli hennar. Það kemur því á óvart að engin vestfirsk áhersla hafi mælst hjá
þessum sama þátttakanda í RÍN á níunda áratugnum þegar hún var tæplega
tvítug. Á úrvinnslublaðinu var sérstaklega tekið fram að hún hefði lesið lipurlega,
en það skiptir máli vegna þess að áherslan kemur aðeins fyrir í samfelldu máli.
Sé upplestraraðferð notuð þarf lesandinn því að lesa „verulega liðlega“ svo hún

⁴² Sama rit, bls. 394.

geti komið fram.⁴³ Tíðni vestfirskrar áherslu gæti því verið meiri en tölurnar gefa til kynna en afbrigðið er þó vafalítið á undanhaldi.

Þar sem vestfirsku einkennin sem rædd hafa verið verða sífellt sjaldgæfari var kannað hvort þau loddu sérstaklega við einhver ákveðin orð eða orðasambönd. Ekkert mynstur var að sjá hjá máhlöfunum sem höfðu einhver merki vestfirskrar áherslu. Hins vegar er nokkur munur milli markorða fyrir einhljóðaframburð á /a/. Í *tíflu 2* er sýnt hlutfall tilvika með einhljóðaframburði fyrir hvert markorð og úr hvorum textanum orðið er; það er almenna textanum *Bjarna blaðasala* eða vestfirska sértextanum *Moli lítili*.

Markorð	Hlutfall einhlj.frb.	Texti
langsóttá	28,6%	Moli
fanga	16,3%	Moli
langur	12,5%	Moli
langar	10,2%	Moli
afganginn	7,8%	Bjarni
fangelsi	3,9%	Bjarni
Bankastræti	0,0%	Bjarni

Tafla 2: Hlutfall einhljóðaframburðar á /a/ eftir markorðum.

Einhljóðaframburður á /a/ kom oftast fyrir í orðinu *langsóttá* og hin orðin sem byrja á *lang-* skipa sér líka ofarlega á lista. Orðið *fanga* er í öðru sæti en hins vegar var orðið *fangelsi* áberandi sjaldnar borið fram með einhljóðaframburði. Aðeins eitt orð, *Bankastræti*, var undantekningarlaust borið fram með tvíhljóðaframburði. Ólíkt hinum orðunum er það sérnafn og velta má fyrir sér hvort það geti skipt máli að ekkert Bankastræti er að finna á Vestfjörðum. Það er líka eina markorðið með *ank* en ekki *ang*. Tafla 3 sýnir hlutfall einhljóðaframburðar fyrir öll markorðin með /ö/.

Markorð	Hlutfall einhlj.frb.	Texti
köngull 3	18,4%	Moli
köngull 1	16,7%	Moli
köngull 2	12,5%	Moli
undirgöngunum	9,8%	Bjarni
Lönguhlíð	0,2%	Bjarni

Tafla 3: Hlutfall einhljóðaframburðar á /ö/ eftir markorðum.

⁴³ Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, „Íslenskar mállýskur“, Árnastofnun, e.d., sótt 28. júlí 2025 af <https://ait.arnastofnun.is/grein.php?id=706>.


Eins og sjá má kom orðið *köngull* þrisvar fyrir og skipar þrjú efstu sætin. Það orð sem sjaldnast var borið fram með einhljóðaframburði á /ö/ var *Löngu-hlið*, en örnefnið *Langahlíð* er vissulega til á Vestfjörðum þótt sögu svið textans sé Reykjavík. Athygli vekur að markorðin úr almenna textanum skipa næstu sætin í báðum töflum, þ.e. þátttakendur sýndu frekari merki einhljóðaframburðar við lestur textans sem var sérstaklega saminn fyrir Vestfirði. Erfitt er að segja til um hvort orðin sjálf skipti þar mestu máli eða hvort textinn sem slíkur geti einnig haft áhrif, til dæmis að fólk verði meðvitaðra um könnunarefnið við lestur sértextans. Ekki verður kafað dýpra í túlkun þessara talna að sinni en sá munur sem kemur fram gefur tilefni til að gefa vali á markorðum meiri gaum en áður hefur verið gert.

4.2 Greinileiki vestfirskis framburðar

Gögnin sem hér eru kynnt eru fengin úr netkönnunarhluta SVIÐ. Norðlenskir og sunnlenskir þátttakendur (N = 388) hlustuðu á upptöku af upplestri Vestfirðings á sögunni *Moli litli*. Lesarinn hefur hreinan einhljóðaframburð á /a/ en engan á /ö/ og ekki heldur vestfirska áherslu. Eins og nefnt var í kafla 2 (og verður frekar rætt í kafla 5) virðast málnotendur meðvitaðri um einhljóðaframburð á /a/ en /ö/ og það ber að hafa í huga í eftirfarandi umfjöllun.

Að hlustun lokinni voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu sig heyra hvaðan af landinu lesarinn væri. 78% þeirra sem hlustuðu á vestfirska lesarann svöruðu spurningunni játandi og voru þá spurðir hvaðan þeir teldu hann vera: *Norðurlandi*, *Austfjörðum*, *Suðurlandi*, *Suðurnesjum*, *höfuðborgarsvæðinu*, *Vesturlandi* eða *Vestfjörðum*. Af þeim sem tóku afstöðu (N = 262) töldu 66% lesarann réttilega vera af Vestfjörðum.⁴⁴ 21% svarenda taldi lesarann norðlenskan og svör annarra dreifðust á aðra landshluta (sjaldgæfustu svörin eru sameinuð undir *Annað*). Á mynd 1 má sjá svör þátttakenda eftir aldursþópum.

⁴⁴ Til samanburðar höfðu 94% þeirra sem hlustuðu á norðlenskan lesara rétt fyrir sér um uppruna hans og 46% þeirra sem hlustuðu á sunnlenskan. Sjá nánar: Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðar-einkenni og viðhorf fólks til þeirra“, *Íslenskt mál og almenn málfraði* 46–47, 2024–2025, bls. 19–64.



Mynd 1: Niðurstöður spurningar um uppruna vestfirskis upplasara eftir aldurshópum.

Eins og sést er hlutfall réttra svara langhæst í þremur elstu aldurshópunum. Þegar áhrif aldurs, kyns, búsetu og menntunar voru könnuð með línulegri aðhvarfsgreiningu var aldur sú breyta sem gat best spáð fyrir um hvort þátttakendur hefðu rétt fyrir sér um uppruna vestfirskra lesarans og áhrifin mældust marktæk ($p > 0,001$). Meiri líkur voru á réttu svari með hækkanði aldri og þar sem tíðni einhljóðaframburðar hefur lækkað mikið á síðustu áratugum er ekki óvænt að eldra fólk beri frekar kennsl á hann en yngri þátttakendur. Auk þess gæti meðvitund um og áhugi á tungumálinu og blæbrigðum þess almennt aukist með aldrinum. Í tveimur yngstu hópunum var hlutfall þeirra sem töldu lesarann vestfirskan og þeirra sem töldu hann norðlenskan svipað. Í eldri hópunum var Norðurland næstalgengasta svar þátttakenda og vísbendingar eru um að það sé sá landshluti sem mörgum dettur fyrst í hug þegar bera á kennsl á „öðruvísi“ framburð. Norðlendingar sjálfir eru þar ekki undanskildir. Þegar litið er til svarenda undir 45 ára (þeirra sem höfðu sjaldnast rétt fyrir sér um uppruna Vestfirðingsins) var hlutfall þeirra sem taldi hann norðlenskan nánast jafnt meðal Norðlendinga (40%) og Sunnlendinga (39%).

Þátttakendum gafst líka færi á að geta sér til um nákvæmari upprunastað lesarans í frjálsu textasvari. Af 173 þátttakendum sem töldu lesarann réttilega vestfirskan nýttu 28 sér þann möguleika. Sumir nefndu fleiri en einn stað og alls

voru níu ólíkir staðir eða svæði nefnd. Ísafjörður var langoftast nefndur (22). Eihljóðaframburður stendur vissulega sterkast í Ísafjarðarsýslum og þetta er því í nokkru samræmi við dreifinguna. Ísafjörður er þó líka höfuðstaður Vestfjarða allra og hann gæti einfaldlega verið sá staður sem mörgum dettur fyrst í hug þegar þeir hugsa um landsvæðið. Sunnanverðir Vestfirðir voru nefndir þrisvar og norðanverðir Vestfirðir einu sinni. Loks voru eftirfarandi staðir nefndir einu sinni hver: Ísafjarðardjúp, Súðavík, Hnífsdalur, Bolungarvík, Bildudalur og Selárdalur. Flestir staðirnir sem þátttakendur nefndu eru á svæðum þar sem eihljóðaframburður hefur verið mest áberandi gegnum tíðina. Enginn nefndi staði þar sem eihljóðaframburður hefur mælst sjaldgæfur nú sem áður, svo sem Hólmavík eða aðra staði í Strandasýslu. Þeir sem þekkja vestfirskan framburð virðast því hafa nokkra hugmynd um hvar hann sé helst að finna innan svæðisins.

Loks er forvitnilegt að skoða svör þátttakenda við spurningunni um hvort þeir gætu gefið dæmi um orð sem þeim fannst lesarinn bera öðruvísi fram en flestir aðrir. 156 af þeim 173 sem höfðu rétt fyrir sér um uppruna lesarans nefndu a.m.k. eitt orð. Algengustu orðin eru einmitt þau sem lesarinn bar fram með eihljóðaframburði: *langur* (97), *fanga* (33), *langar* (23) og *langsótt(a/ur)* (32). Eðlilega mundu þátttakendur ekki alltaf nákvæmlega hvaða orðmyndir komu fyrir og orðin *langa*, *langan*, *langt*, *langi* og *lang* voru alls nefnd 55 sinnum. Stundum nefndu þátttakendur orð sem lesarinn notar en ber ekki fram með eihljóðaframburði, til dæmis *köngull* (11) og *könguló* (5). Það gefur til kynna meðvitund um eihljóðaframburð á /ö/ þótt lesarinn sjálfur hafi hann ekki. Einn þátttakandi nefndi raunar að hann „saknaði eihljóðsins í “löngu”“ og þótt framburður lesarans á *langur* benti til Vestfjarða væri hann sennilega uppalinn í Reykjavík, ættaður að vestan, og reyndi að „temja sér annan framburð en þann sem hann elst upp við.“ Stundum nefndu þátttakendur orð sem komu alls ekki fyrir hjá lesaranum, til dæmis *gangur*, *Mangi*, *svangur* og *tanga*. Það má væntanlega rekja til gamallar vísu sem er jafnan þulin með eihljóðaframburði og margir vitna til í umræðu um vestfirsku (sjá kafla 5): *Það er langur gangur fyrir hann svanga Manga að bera þang í fangi fram á langa tanga.*

5. *Alþýðuhugmyndir, sjálfsmynd og viðhorf Vestfirðinga*

Líkt og fram kom í kafla 3 komu 23 vestfirskir þátttakendur í djúpvíðtöl þar sem þeir svöruðu ýmsum spurningum um svæðisbundinn framburð, einkum vestfirsku. Í þessum hluta er sjónum beint að 11 af þátttakendunum 23 en þeir voru valdir með tilliti til breiðs aldursbils, svæðisbundinna einkenna í máli og hreyfan-

leika. Ummæli þeirra voru skoðuð í ljósi þriggja þátta. Í fyrsta lagi með tilliti til meðvitundar um vestfirsk framburðareinkenni og alþýðuskilgreininga, það er að segja hvernig þátttakendur lýsa formeinkennum vestfirsku, þar með talið með eftirhermum (sjá kafla 5.1). Í öðru lagi er mikilvægi eigin framburðar fyrir sjálfsmynd þátttakenda kannað og meðvitund um breytingar í eigin máli (sjá kafla 5.2). Í þriðja lagi er fjallað um þau hugrenningatengsl sem þátttakendur hafa á orði í sambandi við vestfirsku og þeim alþýðuhugmyndum gerð skil (sjá kafla 5.3). Hugmyndir þátttakenda eru settar fram sem þemu samkvæmt aðferðum þemagreiningar (sjá kafla 3).

Til að ná heildstæðri mynd af svörum þátttakenda eru þau sett fram í samhengi við bakgrunn hvers og eins, búsetusögu, tengsl við heimahaga auk niðurstaðna hljóðgreiningar á framburði þeirra. *Tafla 4* sýnir yfirlit yfir þátttakendurna og framburðareinkunnir (sjá kafla 4.1). Einnig má sjá fyrri framburðareinkunnir þeirra sem tóku þátt í RÍN.

Þátttakandi	Breyta	RÍN	SVIÐ
Þátttakandi 1	/a/	67%	86%
	/ö/	40%	20%
Þátttakandi 2	/a/	0%	0%
	/ö/	33%	0%
Þátttakandi 3	/a/	0%	50%
	/ö/	100%	100%
Þátttakandi 4	/a/	38%	0%
	/ö/	38%	0%
Þátttakandi 5	/a/	55%	15%
	/ö/	100%	50%
Þátttakandi 6	/a/	9%	58%
	/ö/	17%	0%
Þátttakandi 7	/a/	0%	0%
	/ö/	0%	0%
Þátttakandi 8	/a/	0%	0%
	/ö/	17%	0%
Þátttakandi 9	/a/	–	0%
	/ö/	–	0%
Þátttakandi 10	/a/	–	58%
	/ö/	–	0%
Þátttakandi 11	/a/	–	15%
	/ö/	–	0%

Tafla 4: Yfirlit yfir valda þátttakendur úr viðtölunum ásamt framburðartölum.

Þátttakendahópurinn samanstendur af átta konum og þremur körlum. Einn þeirra tilheyrir yngsta aldurshópnum (12–20 ára), tveir eru í öðrum aldurs-
hópnum (21–45 ára), fjórir í þeim þriðja (46–55 ára), tveir í þeim fjórða (56–70
ára) og tveir í þeim fimmta (71 árs og eldri). Tveir þátttakenda bjuggu enn á
upprunastað þegar viðtalið fór fram (staðfastir) en níu voru brottfluttir. Við fram-
setningu tilvitnana er persónugreinanlegum upplýsingum sleppt. Í tilvitnunum
tákna úrfellingarpunktur ... hik eða ókláraða setningu, og standa þá einir og sér,
eða texta sem féldur hefur verið brott, og eru þá innan hornklofa.

5.1 Alpýðuskilgreiningar á vestfirsku og eftirhermur

Þátttakandi 5 er karl á áttæðisaldri sem ólst upp í Vestur-Ísafjarðarsýslu en
hefur búið á höfuðborgarsvæðinu síðustu áratugi. Hann fer oft vestur á sumrin
en hyggst ekki flytja aftur þangað. Aðspurður um það fyrsta sem kemur upp í
hugann þegar hann hugsar til framburðar í íslensku svarar hann (sjá (1)):

(1) Þátttakandi 5: Framburðurinn. Ég meina varðandi þessa vestfirsku
það er þessi ... þessi langi [laɲci] gangi [kaɲci] Mangi [maɲci] þarna
og svangi [svaɲci]. Það er ... það er svona aðalatriðið.

Þátttakandi 5 lýsir formlegum einkennum vestfirsks einhljóðaframburðar á /a/
með því að vísa í vísuna um svanga Manga. Þátttakandi 10 gefur eftirfarandi
lýsingu og bætir við ítarlegri útskýringum á hljóðfræðilegum forsendum vest-
firsku samkvæmt hans skilningi (sjá (2)):

(2) Þátttakandi 10: Já hann talar alltaf þú veist með enn gé svona
langur [laɲkyr] ... langi Mangi [laɲci maɲci] skilurðu ... hann talar
þannig af því að hann er þúst að vestan.

Svipaðar tengingar milli vestfirsku og vísunnar um svanga Manga koma fram
hjá þátttakanda 7; konu á aldurbilinu 46–55 ára sem ólst upp í Strandasýslu.
Eftir búsetu víða um landið og í útlöndum hefur þátttakandinn búið á höfuð-
borgarsvæðinu seinustu árin. Lítið hefur komið til greina fyrir viðkomandi að
flytja aftur vestur. Líkt og í dæmum (1) og (2) grípur þátttakandinn til eftirhermu
til að koma sínum skilningi á vestfirsku til skila (sjá (3)).

(3) Þátttakandi 7: Ég held að það hafi verið með þessa linnælsku þú
veist langa [laɲka] og svona eitthvað [...] Mér fannst það skrítið fyrst
en samt ég held ég hafi bara þú veist alltaf vitað þetta væri ... og tengi
þetta bara við þúst vísuna um hérna svanga Manga [svaɲka maɲka]
og eitthvað svona ... en ég þúst mér finnst ég ekki heyra þetta neitt
mikið í dag.

Í þessu dæmi eru tveir þættir sem kalla á nánari greiningu. Annars vegar er það notkun hugtaksins *linmæli* og hins vegar sú tilfinning þátttakandans að hann heyrir vestfirsku ekki eins oft og áður fyrr.

Frá fræðilegu sjónarhorni er *linmæli* skilgreint í andstöðu við *harðmæli*, það er þegar lokhljóðin /p, t, k/ eru borin fram fráblásin á eftir löngu sérhljóði: *tapa* [t^ha:p^ha], *líka* [li:k^ha], *bíta* [pit^ha]. Þessi hljóðön eru borin fram fráblásin í meirihlutaframburði sem kallast *linmæli*: *tapa* [t^ha:pa], *líka* [li:ka], *bíta* [pit^ha]. Þar sem hljóðfræðilegar forsendur *harðmælis/linmælis* og *vestfirskis einhljóðaframburðar* eru ólíkar (sjá kafla 1) má ætla að hugrenningatengsl þátttakandans byggja á meðvitund um framburðarmun milli afbrigðanna. Rannsóknir hafa sýnt að fólk er almennt meðvitað um norðlensk einkenni á borð við *harðmæli* og hefur greinileiki norðlensku mælst hæst miðað við önnur svæðisbundin framburðarafbrigði.⁴⁵ Tengingar milli *linmælis* og *vestfirskis einhljóðaframburðar* hjá þátttakandanum endurspeglar alþýðuskilning á mismunandi framburðarafbrigðum sem eru ekki alfarið í samræmi við skilning fræðasamfélagsins og skortir nákvæmni.⁴⁶

Upplifun þátttakandans af því að heyra vestfirsku sjaldnar bendir til þess að þátttakandinn sé meðvitaður um dvínandi notkun hennar á seinustu áratugum (sbr. kafla 4.1). Þessa tilfinningu má skoða með tilliti til upprunastaðar og búsetusögu þessa þátttakanda. Þátttakandinn er alinn upp í Strandasýslu, utan kjarnasvæðis vestfirskunnar, sem endurspeglast í framburðareinkunn hans – engin merki um vestfirsk framburðareinkenni, hvorki í RÍN né SVIÐ (sjá *töflu* 4). Athyglisvert er að þátttakandinn segist hafa verið með „*linmælsku*“, sem virðist standa fyrir vestfirskan einhljóðaframburð á /a/, en það stangast á við niðurstöður framburðarprófana. Þar sem þátttakandinn var unglingur þegar RÍN var framkvæmd er óljóst hvaðan hugmyndin um einkenni vestfirsku í eigin máli stafar.

Snúum okkur þá að næsta málhafa, þátttakanda 2, en hann er karlmaður á áttæðisaldri sem ólst upp í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Líkt og þátttakandi 1 flutti hann suður til að fara í menntaskóla og fá betri atvinnumöguleika. Hann hefur búið á höfuðborgarsvæðinu síðan þá en ver miklum tíma fyrir vestan. Beðinn um að greina frá því fyrsta sem kemur upp í hugann þegar hann hugsar um íslenskan framburð segir hann (sjá (4)):

⁴⁵ Finnur Friðriksson, Ásgrímur Angantýsson og Stefanie Bade, „Icelandic Regional Pronunciation, Attitudes and Real-time Change. Latest Developments“, *Sociolinguistica* 38: 2/2024, bls. 261–290, <https://doi.org/10.1515/soci-2024-0028>; Ásgrímur Angantýsson o.fl., „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“.

⁴⁶ Sjá kafla 1 og Dennis R. Preston, „Whaddayaknow now?“, bls. 178.

(4) Þátttakandi 2: Já það eru, það er hérna ... til dæmis þessi framburður eins og á langur [laŋkʏr] að þeir bera það fram langur [laŋkʏr] og gangur [kaŋkʏr]. Samanber þuluna eða vísuna góðu ... það er langur gangur [laŋkʏr kaŋkʏr] fyrir svanga Manga [svaŋka maŋka] og svo framvegis. [...] Já það er náttúrulega fyrst og fremst þetta að ég hérna ... notaði þetta sem barn, langur [laŋkʏr] og svangur [svaŋkʏr] og allt það en hann hefur náttúrulega fyrst og fremst breyst í þá veru að láta af þessu.

Þessi þátttakandi minnst einnig á vísuna um svanga Manga til að lýsa vestfirskum einkennum og segir frá því að hann hafi verið með vestfirskan einhljóðaframburð á /a/ en lagt hann svo niður. Þótt þátttakandinn virðist meðvitaður um framburðarbreytingar gegnum ævina samræmast hugmyndir hans ekki framburðargögnunum að fullu. Þátttakandinn mældist hvorki með einhljóðaframburð á /a/ í RÍN né SVIÐ. Hann var þó með rúmlega 30% einhljóðaframburð á /ö/ í RÍN en hafði engin merki hans í SVIÐ (sjá *töflu 4*). Þetta mismæmi gæti skýrst af aldri og búsetusögu. Hann er yfir sjötugu og gæti hafa flutt suður og dregið úr einhljóðaframburði á /a/ fyrir þátttöku í RÍN. Einnig gæti hann í raun vísað til breytinga á /ö/ fyrst hann var með einhljóðaframburð á /ö/ á þriðja hverju markorði í RÍN en engan í nýjstu athugun SVIÐ (sjá *töflu 4*). Ef svo er gæti þátttakandinn verið meðvitaður um breytingar í eigin framburði en tengt þær eingöngu við einhljóðaframburð á /a/. Í dæminu takmarkast upptalning orða við einhljóðaframburð á /a/ sem virðist eina tiltæka afbrigðið hjá þátttakandanum – og raunar öllum þátttakendum sem koma hér við sögu.

Þegar meðvitund um staðbundinn framburð er skoðuð er forvitnilegt að rýna í frásögn þátttakanda 3, staðfastrar konu á sjötugsaldri úr Norður-Ísafjarðarsýslu, í (5). Þátttakandinn hefur í seinni tíð íhugað að flytja suður til að vera nær fjölskyldunni.

(5) Þátttakandi 3: Og á Vestfjörðum er þessi ... framburður ... í enn gé og enn ká reglunni ... dálítið að tynast. En hann lifir pínulítið með okkur eldri Vestfirðingunum. Og ég veit að ég gleymi stundum ég segi stundum banki [paŋci] sko. Ég ... ekki banki [pauŋci]. Fara í bankann [pauŋkan]. Og það er bara af því að þetta var talað á mínu heimili sko þegar ég var að alast upp og þótti eðlilegt.

Þátttakandinn segir að hann beri fram orð eins og *banki* með vestfirskum einhljóðaframburði [a] og með meirihlutaframburði [au] til skiptis. Þetta samræmist niðurstöðum SVIÐ þar sem þátttakandinn mældist með 50% einhljóða-

framburð á /a/, en engin merki sáust í RÍN. Mögulegar skýringar á þessum mun eru ræddar í kafla 5.2. Engu að síður er forvitnilegt að þátttakandinn lýsir vestfirskunni sem hverfandi og tengir hana, líkt og þátttakandi 8 (sjá dæmi (3)), við ng/nk-regluna og eldri kynslóð Vestfirðinga.

Þátttakandi 1, kona á sjötugsaldri sem ólst upp á Ísafirði en flutti suður eftir menntaskóla, lýsir hugmyndum sínum um merkingu vestfirsku. Þrátt fyrir að hafa búið á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin 40 ár lýsir hún sterkum tengslum vestur.

(6) Þátttakandi 1: Svo hef ég auðvitað tekið eftir þessu seinna ... ég held ég noti þetta vestfirska þennan vestfirska framburð að langa [laŋka] og að ganga [kaŋka] [...] En það eru ákveðin orð hérna fyrir vestan sem að halda þessum vestfirsku einkennum. Og það er aðfangadagur [aðfaŋkata:γvr]. Það er orð sem er notað sjaldnar. Og ég hef tekið eftir því að það er alltaf mjög skýrt hjá öllum Ísfirðingum. Það orð. En ég veit ekki alveg ... með eins og banki [paŋki] og langa [laŋka] og ganga [kaŋka] jú ég held að fólk á mínum aldri allavega tali svoléiðis. Og aðkomufólkið gerir það kannski ekki og yngra fólkið örugglega ekki. Ég efast um það. Án þess að ég hafi sérstaklega verið að hlusta eftir því. [...] Ég heyri það að ég þarf að fara að hlusta eftir þessu betur hérna. Fara í búðirnar og svona. En svo er þetta bara ... samfélagið hefur breyst svo mikið. Það er rosa mikið af hérna nýbúum hérna eða innflytjendum. Sem eru orðnir Íslendingar. Og auðvitað eru þau ekkert að taka upp svona séreinkenni. Samfélagið hefur breyst sko. Samsetningin. Bara af því að ... var mikil einangrun hérna í gamla daga. Og yfir vetrartímum. Það var ekkert verið að skreppa svona ... í aðra landshluta.

Frásögn þessa þátttakanda er áhugaverð. Hljóðgreiningin sýnir aukningu í einhljóðaframburði á /a/ – úr 67% í RÍN í 86% í SVIÐ – en minnkun á /ö/, úr 40% í RÍN í 20% í SVIÐ. Þátttakandinn virðist meðvitaður um eigin einhljóðaframburð á /a/ en þar sem lýsingar hans einskorðast við orð með /a/ er ekki unnt að álykta um meðvitund viðkomandi um aðrar breytur (sjá einnig dæmi (10) um hugmyndir og meðvitund þessa þátttakanda). Þrjár hugmyndir um vestfirsku koma fram. Í fyrsta lagi tengir þátttakandinn einhljóðaframburð á /a/ við orðtíðni. Samkvæmt þessum hugleiðingum eru meiri líkur á því að algeng orð, til að mynda *langa*, séu borin fram með meirihlutaframburði en sjaldgæfari orð, til að mynda *aðfangadagur*, séu frekar borin fram með svæðisbundnum minni-

hlutaframburði. Þátttakandinn gefur þannig í skyn að hann hafi velt fyrir sér ferlum sem geta legið að baki málbreytingum. Í öðru lagi hefur þátttakandinn skýra hugmynd um landfræðilega dreifingu notkunar á einhljóðaframburði á sjaldgæfum orðum og tengir hana við Ísafjörð sem kjarna framburðarins (sbr. kafla 2). Í þriðja lagi rekur hann dvínandi notkun vestfirsku annars vegar til þess að yngri kynslóðir tileinki sér ekki framburðinn. Hins vegar telur hann það vera fylgifisk mikilla samfélagsbreytinga þar sem útlendingar – sem hefur fjölgað töluvert á seinustu árum hér á landi, þar með talið Vestfjörðum – tileinki sér ekki staðbundna framburðinn. Þótt þátttakandinn vísi eingöngu til útlendinga þegar hann fjallar um „aðkomufólk“ benda skýringar hans um mikla einangrun fólks áður fyrr til góðs skilnings á fólksflutningum nútímans, einnig með tilliti til flutninga móðurmálshafa íslensku milli landshluta.

Hugmyndir um kynslóðamun í notkun vestfirsku koma einnig fram hjá þátttakanda 9 (sjá dæmi (7)) en hann er karlmaður á aldrinum 21–45 ára sem ólst upp á Ísafirði. Hann flutti þaðan um tvítugt og hefur síðan verið búsettur víða um landið. Vegna skuldbindingar í vinnu hefur hann lítið velt fyrir sér að flytja aftur á upprunastað. Hann segir:

(7) Þátttakandi 9: Já eins og þarna þegar maður var fyrir vestan þá heyrði maður oft þarna eldra fólkid eins og segja ... langi gangurinn [laŋci kaŋkvrɪn]. Þar sem þau segja alveg eins og orðið er skrifað í staðinn fyrir að segja eins og fyrir sunnan segja þau langur gangur [lauŋkvr kauŋkvr] í staðinn fyrir langur gangur [laŋkvr kaŋkvr]. Segja ekki þarna á-ið í staðinn fyrir a-ið. Lesa bara eins og þetta er skrifað. [...] Gömlu Vestfirðingarnir tala eins og með langur gangur [laŋkvr kaŋkvr]. Ég segi sjálfur langur gangur [lauŋkvr kauŋkvr]. Þótt að manni finnst gaman að svona setja inn á milli þú veist með gömlu þarna talsmátann. En ... maður fylgir eiginlega bara þú veist kynslóðinni eiginlega. Maður fylgir þarna ... jafnöldrum sínum í tungumálinu. Og hvernig maður heyrir aðra tala.

Líkt og hinir þátttakendur lýsir þátttakandi 9 vestfirsku með því að herma eftir einhljóðaframburði á /a/ í orðunum *langur* og *gangur* hins vegar og meirihlutaframburði með tvíhljóði hins vegar. Að auki vísar hann til samræmis milli ritháttar og framburðar í vestfirsku sem reynist vera algeng alþýðuhugmynd Vestfirðinga um eigin framburðareinkenni (sjá kafla 5.3). Með sama móti og þátttakandi 1 tengir hann vestfirsku við eldri málnotendur og dvínandi notkun hennar við kynslóðaskipti, en nálgast málefnið frá ólíku sjónarhorni sem má

skýra með því að skoða bakgrunn þátttakendanna. Þátttakandi 1 tilheyrir eldri kynslóðinni og sýnir sjálfur merki vestfirsk framburðar en þátttakandi 9 er mun yngri og hefur engin slík einkenni (sjá *töflu 4*). Greining þátttakanda 9 á eigin framburði samræmist hljóðgreiningunni og er þátttakandinn því meðvitaður um eigin meirihlutaframburð. Aldur hans, skortur á vestfirskum einkennum og sú staðreynd að hann hafi ekki íhugað að flytja heim gætu skýrt fjarlægð hans gagnvart vestfirsku, sem hann lýsir sem gömlum talsmáta. Þátttakandinn skilgreinir sig sem meirihlutamálfara og telur málnotendur fylgja „jafnöldrum sínum“ í málnotkun. Hann gefur einnig í skyn að málumhverfið í æsku hafi ekki stutt tileinkun vestfirsku. Þannig gerir þátttakandinn sér grein fyrir mikilvægi málumhverfis, málörvunar og fyrirmyndarmálhafa í tileinkun framburðarafríðða og sýnir þar með að hugmyndir hans um máltileinkun endurspeglar vísindalega þekkingu.

Snúum okkur að þátttakanda 11; konu í yngsta aldurshópnum sem hefur búið á Ísafirði frá unga aldri. Þátttakandinn segist ekki vilja flytja brott og segir eftirfarandi þegar hún er spurð hvort henni finnist eitthvað sérstakt við framburð fólks í heimabæ hennar (sjá dæmi (8)):

(8) Þátttakandi 11: Nei ég eða þú veist ... eiginlega ekki sko mér finnst bara ... allaveganna ekki sem ég hef tekið eftir. Ég hef samt alveg heyrt fólk tala um þú veist vestfirskan framburð. En ég hef allaveganna ekkert tekið eftir honum ... hjá mér eða þú veist heima. [...] Þegar ég alveg hugsa um þetta þá hugsa ég þú veist eins og um ömmu. Langömmu hún þú veist er mjög mikið svona ... eins og að segja tangi [t^haŋci] þú veist í staðinn fyrir að segja tangi [t^hauŋci] þá segir hún alltaf tangi [t^haŋci]. Það er svona svoleiðis þú veist rangur [rauŋkvr] í staðinn fyrir rangur [rauŋkvr] og ungi [vŋci] í staðinn fyrir ungi [uŋci]. [...] Held að það sé svona ... á Vestfjörðum.

Í ummælum þessa þátttakanda má greina margt áhugavert. Þó að þátttakandinn greini frá vestfirskum framburðareinkennum hjá eldri kynslóðinni, einkum langömmu sinni, virðist fyrirbærið ekki eins tiltækt og hjá öðrum þátttakendum. Samkvæmt SVIÐ sýnir þátttakandinn einhljóðaframburð á /a/ í 15% tilfella en engin önnur vestfirsk einkenni. Af ummælum hennar að dæma er hún ekki meðvitað um eigin einhljóðaframburð og kennir hann eingöngu við eldri málnotendur á borð við langömmu sína. Þó er vert að minna á að markorðin í upplestrartextanum voru fá (sjá kafla 3) og þátttakandinn las raunar aðeins eitt orð með einhljóðaframburði á /a/. Þegar skoðaðar eru skilgreiningar hennar á vestfirsku er áhugavert að hún nefnir orð sem hún man eftir í málnotkun lang-

ömmu sinnar, ólíkt öðrum eldri þátttakendum sem vitna til vísunnar um svanga Manga. Þátttakandinn tilgreinir orð með einhljóðaframburði á /a/, það er *tangi* og *rangur*,⁴⁷ en nefnir einnig orðið *ungi* sem, að hennar mati, býður upp á tvenns konar framburð, það er að segja meirihlutaframburð [uŋci] og vestfirskan framburð [yŋci]. Hins vegar takmarkast vestfirskur einhljóðaframburður við hljóðönnin /a, ö, e, (i)/ (sjá kafla 1), og enginn (svæðisbundinn) munur er á framburði orða eins og *ungi*.⁴⁸ Þetta er lýsandi dæmi um misræmi milli fræðilegrar og alþýðupekkingar.

Á heildina litið virðist vera vaxandi kynslóðarmunur í greinileika vestfirsku og hún sé í auknum mæli minning yngstu kynslóðar um málnotkun eldri málfaha. Umfjöllunarefni næsta kafla er meðvitund um vestfirsku og breytingar í máli þátttakenda.

5.2 Meðvitund um vestfirsku og breytingar í máli þátttakenda

Sumir þátttakendur greina frá því hvernig þeir urðu meðvitaðir um að vestfirskur framburður skæri sig frá meirihlutaframburði. Þeir sem hafa vestfirsk einkenni í máli sínu, eða hafa haft þau á einhverjum tímupunkti, lýsa einnig margir hverjir því hvernig framburður þeirra hefur breyst. Slíkar frásagnir má bera saman við gögn um framburðarbreytingar hjá einstaklingum yfir lífsleiðina eins og þær koma fram í hljóðgreiningunni (sjá einnig dæmi (4), (5) og (7) í kafla 5.1 og *töflu 4*).

Þátttakandi 1, kona á sjötugsaldri frá Ísafirði sem flutti suður eftir menntaskóla og lýsir sterkum tengslum við Vestfirði þrátt fyrir langa búsetu á höfuðborgarsvæðinu, lýsir sambandi sínu við vestfirskan framburð á eftirfarandi hátt (sjá einnig dæmi (6)):

(9) Þátttakandi 1: Þetta var eitthvað sem ég vissi ekki að væri eitthvað öðruvísi en hjá öðrum. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því. [...] Ég veit ekki hvort ég hafi eitthvað gert í því að halda þessu við. Kannski. Allavega var ég meðvituð um það að þetta væri eitthvað svona ... öðruvísi. Og svo þá upp frá því fór ég að hlusta á foreldra mína. Og þetta var bara svona eðlilegur hlutur bara eins og að drekka mjólk. Eða ... orma- vatni með ormum eins og var á Ísafirði á þessum tíma.

Þessi þátttakandi segist upphaflega ekki hafa verið meðvituð um svæðisbundinn breytileika í framburði og hafa miðað við þann framburð sem hún þekkti úr

⁴⁷ Þótt þátttakandinn beri orðið *rangur* tvisvar fram með tvíhljóðaframburði er greinilegt að hún á við einhljóðaframburð í fyrra skiptið (sbr. orðið *tangi*).

⁴⁸ Kristján Árnason, *Hljóð*, bls. 141–148, 391.

nærumhverfi sínu og í gegnum ílagið frá foreldrum sínum. Þetta endurspeglast einnig í mati viðkomandi á framburði foreldra sinna sem henni þótti mjög eðlilegur.

Aðspurður um hvort þátttakandinn hafi fengið athugasemdir um framburð sinn lýsir hann aukinni meðvitund um eigin vestfirskan framburð eftir flutninga í annan landshluta (sjá dæmi (10)):

(10) Þátttakandi 1: Og já ... ég hef stundum fengið sko þegar eftir ég fór að fara til Reykjavíkur í skóla. Þá hefði ég alveg ... fólk svona gert athugasemdir við þetta. En ekki neitt í þá átt að ég mundi eitthvað hætta ... eða fara að breyta þessu eitthvað. Það hvarflaði aldrei að mér, að fara eitthvað að breyta því þetta er bara ... eins og ég tala. Og bara mér var kennt að tala. Sé enga ástæðu til þess að ... að eitthvað að vera að breyta því. [...] Mér fannst það bara þú veist bara nokkuð flott. Og mér fannst allt í lagi að fá þessar athugasemdir og bara já ég var bara nokkuð stolt af því að vera bara tala mitt mál. [...] Sko það var allavega meðvitund ákvörðun að vera ekkert að aðlaga mig að reykvísku eins og ég segi. [...] Þá hugsaði ég bara „já þetta, ég ætla bara að halda áfram að vera svona.“

Í frásögn þátttakandans kemur fram að hún hafi meðvitað ákveðið að breyta ekki framburði sínum, án utanaðkomandi þrýstings. Vestfirskan virðist stór hluti af sjálfsmynd þátttakandans og það er í samræmi við sterk tengsl hennar við heimahagana. Þátttakandinn greinir frá stolti yfir að hafa fengið athugasemdir um framburð og að „tala sitt mál“. Þátttakandinn eignar sér þannig vestfirskan framburð og jákvæð viðhorf („nokkuð flott“) virðast stuðla að svæðisbundinni sjálfsmynd þátttakandans. Með tilliti til hljóðgreiningarinnar er áhugavert að bæst hefur í einhljóðaframburð á /a/ hjá þessum þátttakanda: úr 67% í RÍN í 86% í SVID. Á hinn bóginn hefur einhljóðaframburður á /ö/ minnkað síðan í RÍN og farið úr 40% í 20%. Miðað við aldur og búsetusögu þátttakandans hefur einhljóðaframburður á /a/ færst í aukana eftir flutninga suður, sem gæti endurspeglad viðleitni þátttakandans til að sýna sig sem Vestfirðing. Það að einhljóðaframburður hafi aukist á /a/ en minnkað á /ö/ hjá þessum þátttakanda getur verið vísbending um að hugmyndir viðkomandi um vestfirskan framburð einskorðast við einhljóðaframburð á /a/.

Snúum okkur að næsta þátttakanda. Upplifun þátttakanda 2 (sjá dæmi (11)) af athugasemdum um framburð frá öðrum er nokkuð ólík þeirri sem kom fram í lýsingum þátttakanda 1 (sjá dæmi (9) og (10)):

(11) Þátttakandi 2: En hins vegar ... var ég með sem barn vestfirska framburðinn. Og ég fann það oft að aðkomubörn sem voru í sveit þarna á nágrennabæjum og svo framvegis, þau gerðu grín að þessu þannig að ég held það sé aðalástæðan fyrir því að maður lét af þessum vestfirsku framburði. [...] Það var allavega stundum hlegið að manni. [...] Út af þessum framburði.

Þátttakandi 2 hefur verið meðvitaður um eigin framburð frá barnsaldri. Hann lýsir áreitni annarra í barnæsku sem meginástæðu þess að hafa meðvitað breytt framburði sínum og dregið úr vestfirskum einkennum. Vert er að taka fram að þátttakandinn tilheyrir elsta aldurshópnum og er því alinn upp á þeim tíma sem viðhorf gagnvart vestfirsku voru fremur neikvæð (sjá kafla 2). Hljóðgreiningin staðfestir framburðarbreytingar en hann sýnir ekki lengur merki vestfirsku í dag (sbr. *töflu 4*), hvorki í RÍN né SVIÐ fyrir einhljóðaframburð á /a/ og sá á /ö/ hefur minnkað úr 33% í RÍN í 0% í SVIÐ. Eins og fram hefur komið (sjá kafla 5.1 og dæmi (4)) er ýmislegt sem gæti útskýrt breytingar í framburði þess þátttakanda. Varlega þarf því að fara í túlkun á tengslum milli neikvæðra athugasemda um vestfirskan framburð og minnkandi svæðisbundinna einkenna þar sem þau mældust ekki mikil fyrir.

Forvitnilegt er að bera saman upplifanir þátttakanda 1 og 2 þar sem þau hafa svipaða búsetusögu (sjá einnig lýsingar í kafla 5.1). Þau fluttu á svipuðum aldri af kjarnasvæðum vestfirskis framburðar á höfuðborgarsvæðið til að sækja sér menntun og hafa búið þar síðan. Að auki lýsa þau vestfirskum framburði sem hluta af máluppeldi sínu en framburður þeirra hefur þróast á ólíkan hátt. Velta má fyrir sér hvort upplifanir þeirra (sjá dæmi (10) og (11)) hafi haft áhrif á viðhorf til vestfirsku og í kjölfarið (meðvitaðar) ákvarðanir um notkun vestfirska einkenna.

Lýsingar næsta þátttakanda varpa enn öðru ljósi á meðvitund um svæðisbundinn framburð og svæðisbundna sjálfsmynd honum tengdum. Þátttakandi 3, staðföst kona á sjötugsaldri úr Norður-Ísafjarðarsýslu, segir frá sinni upplifun af vestfirsku á heimavelli og athugasemdum annarra (sjá dæmi (12)):

(12) Þátttakandi 3: Ég reyndi að tala ekki vestfirsku þegar ég var ungl-ingur ((hlær)). Sko okkur fannst það eitthvað hallærislegt ... af því að það var svolítið gamla fólk sem var að tala svona. Og maður náttúrulega var [...] í þínu mótþróa. [...] En við hættum alveg, það þótti mjög hallærislegt að segja langi [la:nci] og stangi [sta:nci] og allt þetta ... og var gert svona hálfpartinn grín að manni og maður reyndi bara

en þetta var svo ofboðslega innprentað í mann ... þessi framburður og svo maður var með samviskubít sko. Yfir því að vera að reyna ekki að segja þetta. Og þetta var svo mikið svik einhvern veginn ég hélt þannig. Að vera ekki trúur ... sinni mállýsku ((hlær)). En svo sem betur fer þá batnaði manni [...] Og í dag er það bara eitthvað sem kemur bara og fer. Stundum segi ég banki [pau.jɪci] og stundum segi ég banki [pa.jɪci]. Og ég hrekk ekkert við það sko þó ég segi það ((hlær)).

Þátttakandinn gefur skýrar ástæður fyrir breytingum á eigin framburði og þær eru í samræmi við svör í netkönnun þar sem hún lýsir því að hafa breytt framburði sínum frá barnsaldri. Þar greinir hún einnig frá athugasemdum sem hún fékk frá unglíngum að sunnan í heimavistarskóla sem gerðu grín að framburði hennar. Þetta varð til þess að hún og vinir hennar drógu úr vestfirsku í tali sínu. Hljóðgreiningin sýnir að einhljóðaframburður á /a/ fór úr 0% í RÍN í 50% í SVIÐ, en framburður á /ö/ var stöðugur við 100% (sjá einnig kafla 5.1 og *töflu* 4). Þess ber að geta að þátttakandinn var um 23–25 ára þegar hún tók þátt í RÍN. Því er ekki vitað hvort hún hafi verið með vestfirsk einkenni á /a/ fyrir þann tíma sem hún hafði svo minnkað markvisst áður en framburður hennar var kannaður í RÍN. Þess vegna er forvitnilegt að íhuga hvaða merkingu þátttakandinn leggur í þá „vestfirsku“ sem hún segist hafa dregið úr. Í netkönnuninni tengir þátttakandinn vestfirsku fyrst og fremst við einhljóðaframburð á /a/ og nefnir orð á borð við *langur*, *banki* og *svangur* sem dæmi um framburð sem vakti athygli. Hún bætir svo við að þetta hafi verið ríkjandi framburður í hennar umhverfi. Líkt og í dæmum (4) og (7) (sjá kafla 5.1) bendir það til þess að einhljóðaframburður á /a/ sé sá þáttur sem fólk tengir helst við vestfirsk hljóðeinkenni. Það gæti jafnframt skýrt hvers vegna þátttakandinn hélt í einhljóðaframburðinn á /ö/. Það að hún sýni merki um einhljóðaframburð á /a/ í helmingi tilfella í mælingum SVIÐ (á móti engum merkjum í RÍN) má hugsanlega rekja til breyttra viðhorfa í garð vestfirsku sem hún lýsir einnig sem svikum og samviskubít gagnvart eigin framburði.

Næsti þátttakandi er kona á sextugsaldri sem ólst upp í Norður-Ísafjarðarsýslu til 16 ára aldurs. Síðan þá hefur hún búið víða um landið, meðal annars aftur á heimaslóðum sínum í nokkur ár. Tengsl þátttakandans við heimahagana virðast jákvæð, þó ekki sérstaklega sterk eða tilfinningaþrungin. Þátttakandinn bregst við spurningu um hvað venjulegur framburður þýði í hans huga (sjá dæmi (13)):

(13) Þátttakandi 4: Ja ég veit til dæmis að ég hef hérna farið út úr því að vera með vestfirskan framburð. Sem við höfðum þegar við vorum yngri. Og ég veit að ég hef ekki tekið upp annan framburð. Eins og

norðlenskan framburð. Þannig að mér finnst bara venjulegur framburður vera eitthvað það sem ég heyri í kringum mig [...] Ég er ekki meðvitað að hætta að nota vestfirskan framburð alls ekki [...] Það er ekki þannig heldur er þetta bara svona ómeðvitað, þetta bara gerist.

Þátttakandinn telur sig hafa dregið úr vestfirskum framburði og það er í takt við niðurstöður rannsókna, en þátttakandinn mældist með 38% einhljóðaframburð á /a/ og /ö/ í RÍN en 0% fyrir bæði einkennin í SVIÐ (sjá *töflu 4*). Þetta endurspeglast líka í svörum þátttakandans í netkönnuninni þar sem þátttakandinn lítur á framburð sinn sem hvorki mikilvægan né ómikilvægan hluta af sjálfsmynd sinni. Það má túlka sem ákveðna fjarlægð frá eða hlutlægni gagnvart vestfirskunni.

Þátttakandi 6, sem er á sextugsaldri, flutti af Vestfjörðum um tvítugt og hefur búið í útlöndum og á nokkrum stöðum hérlendis. Í (14) má sjá svar hans við spurningu um athugasemdir um framburð frá öðrum. Þótt hann hafi íhugað að flytja aftur innan landsins yrðu heimaslóðirnar ekki fyrir valinu.

(14) Þátttakandi 6: Maður hefur annað slagið í gegnum tíðina heyrt þetta sko þúst þegar fólk tengir mann vestur. En ég hélt bara að ég væri orðin svo hérna samdauna ((hlær)) að fólk heyrdi það ekkert lengur [...] En eins og ég segi þetta er nokkrum sinnum í gegnum tíðina og kannski ... mikið kannski fyrr þúst fyrir einhverjum árum síðan sko en þetta kom mér á óvart núna bara þetta var í fyrra sem að hérna hann [vinnufélagi] nefnir það og ég bara „já ókei, heyrist það ennþá sko?“ Þannig að ég var svona hérna ... hélt ég væri orðin svona ... að reyna að falla inn í fjöldann. [Hvernig fannst þér að fá þessa athugasemd?] Mér þykir bara vænt um það.

Lýsingar þátttakanda 6 gefa til kynna að hann hafi verið hissa að fá athugasemdir um vestfirskan framburð í seinni tíð enda hafi hann talið framburð sinn hafa breyst í aðlögunarskyni með búsetu í öðru málumhverfi. Þegar framburðartölur eru skoðaðar kemur í ljós að bæst hefur í einhljóðaframburð á /a/ hjá þessum þátttakanda milli ára, en hann mældist 9% í RÍN og 58% í SVIÐ. Til samanburðar fór einhljóðaframburðurinn á /ö/ úr 17% í RÍN í 0% í SVIÐ (sjá *töflu 4*). Það er hugsanlegt að þátttakandinn hafi breytt framburði sínum, einkum með því að hafa oftar einhljóðaframburð á /a/, á ómeðvitaðan hátt til að miðla ákveðinni vestfirskri sjálfsmynd á nýja staðnum og minnst þannig uppruna síns. Þessi túlkun er einnig studd af því að þátttakandanum líkaði við að fá athugasemdir um vestfirsk einkenni í framburði sínum.

5.3 Alþýðuhugmyndir um vestfirsku

Þrjú þemu komu ítrekað upp í viðtölunum og þau tengjast sambandi vestfirskis einhljóðaframburðar og stafsetningar, tengingum við dæmigerðan framburð þjóðþekktra einstaklinga og mati á notkun vestfirsku sem ýktri. Þemun þrjú eru að hluta til nátengd og af þeim sökum eru þau kynnt saman.

Í dæmi (15) tjáir sig þátttakandi 5 um vestfirsku og þær athugasemdir sem hann hefur fengið um framburð sinn. Til upprifjunar er þátttakandinn karl á áttæðisaldri úr Vestur-Ísafjarðarsýslu sem hefur búið á höfuðborgarsvæðinu í aldarfjórðung.

(15) Þátttakandi 5: Þá bara þetta sama gamla um hann langa Manga [laŋca maŋka] sko [...] Og þá var því [athugasemdum um framburð] gjarnan svarað með því að menn ættu að lesa stafina en ekki eitthvað annað. [...] Einhverjir hafi talað öðruvísi ... og talið þetta eitthvað skrítið sko. Ég meina við þekkjum þetta alveg hérna á ... á til dæmis á ritfæri stórrithöfunda okkar sem að tóku sér upp ákveðin sérkenni ungir menn til þess að elta það sem þeir töldu vera þá framburðareinkenni í ritmáli og fleiru ... og ég held að þetta sé bara á hinn veginn í vestfirskunni, að lesa hljóð ... út frá stöfum. Ef að langur gangur [laŋkyr kaŋkyr] ætti að vera langur gangur [lauŋkyr kauŋkyr] þá ætti að skrifa með á. Og ég man ekki betur en að Halldór Kiljan hafi ... hafi sko þar sem hann heyrði í enn gé þá hafi hann skrifað í. En yfirleitt er það hvað i enn gé í ritmáli sko.

Enn og aftur er vitnað í vísuna um Manga til að lýsa vestfirsku sem bendir til þess að alþýðuskilgreiningar á vestfirsku ráðist af einhljóðaframburði á /a/. Síðan tengir þessi þátttakandi vestfirska einhljóðaframburðinn við stafsetningu með því að lýsa því að í vestfirsku séu stafirnir lesnir eins og þeir eru. Þessi athugasemd endurspeglar þá hugmynd að vestfirskur framburður fylgi náíð rituðu máli. Að sögn þátttakandans vísaði Halldór Laxness þeim framburði á bug með því að víkja frá hefðbundnum stafsetningarreglum, t.a.m. með breytingu stafsins *a í á*. Frekari innsýn í afstöðu þátttakandans til vestfirskis framburður fæst í næsta dæmi (sjá (16)).

(16) Þátttakandi 5: Þú heyrir náttúrulega vestfirsku ef þú hlustar á Jón Baldvin Hannibalsson tala. [...] Ég heyr þáð allavega að hann leggur sig fram um að ... eða lagði sig þegar maður hlustaði mikið maður hlustaði stundum mikið á hann í gamla daga sko. Þá lagði hann sig fram um sko vestfirskan framburð og hefur haldið honum að því ég

best veit alveg síðan [...] Þar heyrðist mér hann hafa haldið sínu alveg og ég er ekki viss um að ég sé eins sko fastur en hann ... honum hefur tekist þetta og ég held að Vestfirðingar margir sem að sko ... þó þeir fari annað að þá haldi þeir þessu áfram enda ... enda hjálpar náttúrulega þeim að sko orðin eru skrifuð á vestfirsku þó að en ekki á sunnlensku. Nei ((hlær)) reykvísku.

Í þessu dæmi ber þátttakandinn eigin framburð saman við framburð annarra, einkum Jóns Baldvins Hannibalssonar fyrrverandi stjórnmalamanns. Sá gegnir hlutverki fyrirmyndarmálhafa af einhverju tagi og telur þátttakandinn að Jóni Baldvin hafi tekist að viðhalda vestfirskunni með markvissri viðleitni. Nokkuð erfitt er að bregðast við vangaveltum þátttakandans um hvort hann hafi haldið jafn fast í vestfirsku framburðinn og Jóni Baldvin. Hljóðgreiningin bendir þó til þess að vestfirsk einkenni hafi minnkað hjá þátttakandanum. Til upprifjunar mældist hann með 55% einhljóðaframburð á /a/ í RÍN sem hefur minnkað í 15% í SVID. Einhljóðaframburðurinn á /ö/ var 100% í RÍN og 50% í SVID (sjá *töflu 4*). Í lok ummælanna minnir hann á þá hugmynd sína að auðveldara sé að halda í vestfirskan framburð vegna samsvarandi stafsetningar. Með hliðsjón af þróun vestfirsk framburðar (sjá kafla 4.1) má fullyrða að lítil fræðileg sönnun sé fyrir hugmynd þátttakandans. Aftur á móti má hugsa sér að stafsetning yti undir það að framburði sé viðhaldið í einstaka tilfellum þótt aðrir þættir eins og sjálfsmynd geti einnig haft áhrif. Engu að síður veita frásagnir eins og þessar okkur góða innsýn í alþýðuhugmyndir um mál og breytileika í máli.

Þátttakandi 4 tjáir sig einnig um samband milli stafsetningar og framburðar (sjá (17)):

(17) Þátttakandi 4: Hjá mér náttúrulega bara var á undan enn og gé og enn og ká þegar ég var barn. Ég held að það hafi ekkert haldist en ég myndi alltaf taka eftir því ef það væri skrifað öðruvísi. Eins og þegar ég er að lesa texta eftir Halldór Laxness þá finnst mér það óþægilegt. [...] Af því að hann [...] með því að setja herna broddstafinn þarna eða broddinn yfir u og á a og svona. Að þá finnst mér hann svolítið vera að mótmæla því sem við vorum að gera. Það fyrir okkur getur verið erfitt. Hann hafi verið á móti því að við bærum þetta fram á þennan hátt.

Líkt og hjá öðrum þátttakendum er lýsingin á formlegum einkennum vestfirsku nokkuð fræðilega nákvæm þó að óljóst sé hjá þessum þátttakanda hvaða sérhljóð verði fyrir breytingum á undan /ng/ og /nk/. Þátttakandinn sýnir meðvitund um þróun eigin framburðar (sjá dæmi (13)). Sýn hans á eigin framburð rímar við

framburðartölur þar sem þátttakandinn var með 38% einhljóðaframburð á /a/ og /ö/ í RÍN en ekkert í SVID (sjá einnig kafla 4.2 og *töflu 4*). Í frásögn sinni tengir þátttakandinn vestfirskan framburð við stafsetningu en tjáir einnig sterkar tilfinningar um að Vestfirðingum hafi verið mismunað þegar þjóðskáldið Halldór Laxness notaði (óstaðlaða) stafsetningu til að endurspegla meirihlutaframburð. Þessari upplifun er lýst sem óþægilegri og túlkuð sem útskúfun og móðgun í garð Vestfirðinga. Þátttakanda 4 reynist erfitt að sætta sig við rithátt sem stangast á við vestfirskan einhljóðaframburð. Notkun óhefðbundinnar stafsetningar í verkum Halldórs Laxness getur þannig táknað ákveðna höfnun í augum Vestfirðinga og haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Að auki má velta vöngum yfir því hvort sú mikla virðing sem Halldór Laxness nýtur meðal íslensks almennings stuðli að stöðu hans sem fyrirmyndarmálhafa með þeim afleiðingum að fremur er dregið úr vestfirsku vegna stafsetningar heldur en öfugt. Á hinn bóginn gæti rithátturinn hafa stuðlað að aukinni meðvitund almennings um einhljóðaframburðinn.

Þátttakandi 2 tengir það að halda vestfirskum einkennum í tali við tjáningu ákveðinnar sjálfsmyndar (sjá dæmi (18):

(18) Þátttakandi 2: Það eru náttúrulega til nokkrir sérvitringar sem eru kannski á svipuðum aldri og ég og jafnvel yngri og jafnvel svolítið eldri sem að hafa haldið í þetta held ég bara ... sem hluta af sinni menningu sko eins og til dæmis Jón Baldvin og hann Heimir Pétursson fréttamaður, hann er mjög trúr þessum framburði.

Þessi þátttakandi, sem hefur sjálfur tapað vestfirskunni (sjá einnig dæmi (4) í kafla 5.1 og dæmi (11) í kafla 5.2), lítur svo á að sterk tengsl við vestfirsku ýti undir áframhaldandi notkun vestfirskra einkenna. Auk Jóns Baldvins nefnir hann Heimi Má Pétursson fjölmiðlamann en þeir virðast gegna hlutverki dæmigerðra málhafa vestfirsku. Það má einnig sjá í næsta dæmi hjá þátttakanda 6 (sjá (19):

(19) Þátttakandi 6: Mér finnst hann [vestfirskur framburður] falletgur ... og mér finnst hann hérna skýr [...] Mér finnst notalegt að hlusta á Heimi Má tala í sjónvarpinu.

Þessi þátttakandi leggur jákvætt mat á vestfirskuna og lýsir því að hlusta á vestfirsku Heimis Mús sem notalegu. Þetta mat er í samræmi við frásögn þátttakandans í dæmi (14) en honum líkaði vel við að fá athugasemdir um framburð sinn (sjá dæmi (14)). Athyglisvert er að töluvert hefur bæst í einhljóðaframburð á /a/ milli mælinga RÍN og SVID (sjá *töflu 4*) en hann hefur ekki búið á Vestfjörðum síðan hann flutti þaðan um tvítugt. Það er því hugsanlegt að þátttakandinn tengi vestfirsk einkenni í tali Heimis Mús á jákvæðan hátt við æskulóðirnar.

Ólík sjónarmið komu fram varðandi næsta þema en þátttakendur tjáðu ítrekað mat á vestfirsku. Þátttakandi 1 bregst við spurningunni um hvað honum finnst um vestfirsku (sjá (20)):

(20) Þátttakandi 1: Mér finnst þetta bara eðlilegt, eðlilegur hlutur. En svo finnst mér sko svo eru aðrir hérna sem að eiga ættir að rekja hingað og hafa alist upp hérna fyrir vestan. Sem að hafa verið svona á opinberum vettvangi sem að kannski ýkja þetta dálítið. Gera í því að leggja áherslu á þetta einkenni. Finnst það kannski veit ekki alveg ... jájá það er svona einhverjir einhver fólk að búa sér til einhver einkenni kannski.

Þó að þátttakandinn lýsi vestfirsku sem eðlilegum framburði fyrir landshlutann (sbr. dæmi (9)) lítur hann það að ýkja vestfirska framburðinn hornauga. Til áminningar sýnir þessi þátttakandi einkenni vestfirsku og hefur bætt í einljóðaframburð á /a/ milli athugana RÍN og SVIÐ. Auk mats á ýktum framburði tengir hann framburðinn við miðlun svæðisbundinnar sjálfsmýndar sem hann grunar að ótilgreindar opinberar manneskjur vilji koma til skila, jafnvel með ýktum hætti. Þó að nokkuð óljóst sé hvað „ýktur“ þýðir nákvæmlega í huga þátttakandans gæti hann vísað til Heimis Más og skynjað að mál hans hafi einkennst af aukinni notkun vestfirsku þegar leið á starfsferil hans. Minnst er á að Heimir Már lagði áherslu á vestfirsku í tali sínu eftir meðvitaða ákvörðun um að koma sinni svæðisbundnu sjálfsmýnd til skila (sjá kafla 2).

Fróðlegt er að bera saman ummæli þátttakanda 6 (sjá dæmi (19)) og þátttakanda 1 (sjá dæmi (20)) með tilliti til lífstíðarbreytinga og bakgrunns. Bæst hefur í notkun einhljóðaframburðar á /a/ hjá báðum þátttakendum en dregið úr honum á /ö/. Báðir fluttu af Vestfjörðum um tvítugt, þó til ólíkra landshluta. Á meðan þátttakandi 6 lýsir tilfinningum sínum við að hlusta á Heimi Má sem notalegum kallar það að nota „ýkta“ vestfirsku fram misjávkvæðar tilfinningar hjá þátttakanda 1. Þessi ólíku viðhorf geta bent til þess að einstaklingsbundnir þættir, til að mynda sjálfmynd og tengsl við heimahaga, geta haft áhrif á hugmyndir og viðhorf fólks til notkunar svæðisbundinnar framburðar.

Sú hugmynd að málnotendur ýki framburð sinn kemur einnig fram hjá þátttakanda 7 (sjá (21)). Þessi þátttakandi er sjálfur ekki frá kjarnasvæði vestfirskunnar (sjá kafla 5.1 og *töflu 4*) og hefur ekki haft nein vestfirsk einkenni í tali sínu, hvorki í RÍN né SVIÐ. Hans athugasemd er svohljóðandi:

(21) Þátttakandi 7: Þúst mér finnst bara í raun og veru allt í lagi. Þúst ég hef alveg stundum fengið á tilfinninguna að fólk sé að ýkja hann svolítið ... en þúst ef fólk vill tala svona þá gerir það það bara.

Vestfirskan virðist ekki vera hluti af sjálfsmynd þessa þátttakanda. Þó að hann tjái þá sýn að honum þyki vestfirskan á köflum ýkt hjá sumum málhöfum tekur hann fram að fólk megi tala eins og það vill.

Þátttakandi 8 greinir einnig frá sínum hugmyndum um ýkta vestfirsku en tengir þær jafnframt við alþýðuskilgreiningar á afbrigðinu svo og mat á því (sjá (22)). Þessi þátttakandi, kona á aldrinum 46–55 ára, hefur búið í Vestur-Barðastrandarsýslu síðan um fimm ára aldur og hyggst ekki flytja þaðan. Líkt og fram kom í kafla 4.1 bar ekki á vestfirskum einkennum hjá neinum úr Barðastrandarsýslum í SVIÐ (sjá einnig *töflu 4*). Hann segir:

(22) Þátttakandi 8: Mér fannst það vera einhvern veginn fyrir nokkrum árum að þá var ótrúlega vinsælt að verða svona ... vestfirskur. Og hérna ... búa til þennan vestfirska, ég man ekki einu sinni hvað þetta heitir einu sinni. Ég hefði nú kannski átt að undirbúa mig. Að hérna ((hlær)) þú veist þennan einhljóða þú veist þetta hérna þú veist langur gangur [laŋkʏr kaŋkʏr] þú veist. Mér finnst þetta hræðilega ljótt sko ((hlær)). En hérna en þetta var ... sumir leggja sig fram við það að vera með þennan framburð. Mér finnst það ekki smart en það er bara ég ((hlær)). [...] Mér finnst sumir ... þú veist sumir leggja sig fram við að vera með ýktan framburð já.

Þátttakandinn lýsir formlegum einkennum vestfirskrs framburðar (á /a/) en kemur því einnig til skila að honum þyki undarlegt að sumir málnotendur leitist við að gera vestfirsku áberandi í tali sínu. Þátttakandinn leggur neikvætt mat á afbrigðið („hræðilega ljótt“). Óljóst er hvaða þættir búa að baki þessara sterku viðhorfa þátttakandans gagnvart vestfirsku.

5. Samantekt og lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa veitt innsýn í þróun og greinileika vestfirskra framburðareinkenna og leitt í ljós hugmyndir almennra málnotenda um vestfirsku. Allt bendir til þess að vestfirsku framburðareinkennin sem hér hafa verið rædd séu áfram á undanhaldi. Einhljóðaframburður á /a/ og /ö/ fyrirfinnst enn, einkum í Ísafjarðarsýslum, en hans gætir frekar hjá eldri málhöfum en yngri. Vestfirsk áhersla virðist sömuleiðis afar sjaldgæf þótt ekki sé útilokað að hún sé algengari í máli Vestfirðinga en upplestrarpróf gefa til kynna. Þrátt fyrir lækkandi tíðni er greinileiki vestfirskrs einhljóðaframburðar þó nokkur, en talsvert meiri meðvitund er að finna meðal eldri kynslóða en yngri.

Við greiningu á alþýðuskilgreiningum á vestfirsku kemur í ljós að þátttakendur tengja vestfirsku að öllu leyti við einhljóðaframburð á /a/ sem virðist eina tiltæka afbrigðið og einhvers konar staðalmynd. Það birtist í því að eftirhermur takmarkast við orð sem bjóða upp á einhljóðaframburð á /a/ og vísa eldri þátttakendur gjarnan í gömlu vísuna um svanga Manga. Gögnin benda einnig til vaxandi kynslóðamunar í meðvitund um vestfirsku þar sem lýsingar yngri þátttakenda eru að jafnaði ónákvæmari og ekki eins ítarlegar og þær sem birtast hjá eldri þátttakendum. Þó ber að hafa í huga að fáir þátttakendur tilheyra yngsta aldurshópnum og því mikilvægt að endurtaka rannsóknina með áherslu á yngri Vestfirðinga. Þátttakendurnir virðast almennt meðvitaðir um að vestfirskur framburður sé á undanhaldi. Sumir þeirra tengja þessa þróun við samfélagsbreytingar og fólksflutninga, bæði innanlands og til landsins, og gera sér grein fyrir tilheyrandi afleiðingum fyrir málumhverfið og ílag. Þetta getur haft áhrif á varðveislu vestfirsku. Þannig endurspeglar lýsingar (sumra) þátttakenda raunverulega þróun framburðarins sem getur bent til mikillar meðvitundar um málbreytingar í rauntíma. Einnig benda niðurstöðurnar til þess að þátttakendur hafi einhverjar hugmyndir um Ísafjörð sem kjarna málsvæðisins þó að þær séu nokkuð óljósar.

Vísbendingar eru um að tengsl við heimahaga hafi áhrif á viðhorf til vestfirsku og áframhaldandi notkun hennar. Þátttakendur sem lýsa sterkum tengslum við upprunasvæði virðast fremur halda í vestfirskuna og bæta jafnvel í hana á lífsleiðinni, hugsanlega til að miðla svæðisbundinni sjálfsmynd. Þannig virðast tengsl við upprunastað og þau jákvæðu viðhorf sem fylgja því hafa áhrif á málbreytingar hjá einstaklingum. Aukning á vestfirskum einkennum hjá sumum þátttakendum snerta þó eingöngu einhljóðaframburð á /a/ og það bendir til þess að meðvitund málnotenda beinist fyrst og fremst að honum. Þetta afbrigði gæti því samsvarað annarri tillögu Prestons um tiltækileika, það er að segja að auðvelt sé að kalla það fram hjá málnotendum. Einnig er hugsanlegt að afbrigðið hafi öðlast stöðu staðalmyndar hjá sumum málnotendum, einkum þeim eldri. Það kemur heim og saman við fyrstu tillögu um tiltækileika en samkvæmt henni er algeng umræða um fyrirbærið í málsamfélaginu (sjá kafla 2).

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa leitt í ljós þrjú meginþemu sem varpa ljósi á alþýðuhugmyndir um vestfirsku. Fyrsta þemað snýr að tengslum milli vestfirsku og stafsetningar, þar sem ritháttur samkvæmt meirihlutaframburði getur haft áhrif á sjálfsmynd málnotenda, einkum þegar hann er túlkaður sem afneitun á vestfirskum framburði. Jafnframt koma fram hugmyndir um að stöðluð stafsetning geti stuðlað að varðveislu vestfirsku. Þjóðþekktir einstaklingar gegna

mikilvægu hlutverki í alþýðuhugmyndum Vestfirðinga en þeir koma við sögu í öðru og þriðja þema. Svo virðist sem Jón Baldvin Hannibalsson og Heimir Már Pétursson séu ýmist álitnir dæmigerðir málhafar vestfirsku, fyrirmyndarmálhafar eða fulltrúar ýkts framburðar. Ólík viðhorf til þess hvort vestfirskur framburður í máli annarra þyki notalegur eða ýktur bendir til einstaklingsmunar milli málnotenda sem undirstrika mikilvægi þess að skoða málþróun í ljósi félagslegra þátta og hugmynda einstaklinga.

Fullt tilefni er til að gera stærri rannsókn með áherslu á Vestfirðinga. Fleiri þátttakenda er þörf svo betur megi kortleggja tíðni og dreifingu vestfirska einkenna í nútímanum. Einnig mætti draga úr kröfum um samanburðarhæfi við fyrri rannsóknir og uppfæra upplestrar- og upptökutexta sem eru að mörgu leyti börn síns tíma. Þá mætti endurskoða val á markorðum og kanna nánar þætti sem geta haft áhrif á framburð ólíkra orða, svo sem orðtíðni. Fjölbreyttari framburðarpróf gætu veitt betri mynd af framburði hvers málhafa. Greinileika vestfirska þyrfti einnig að kanna nánar, einkum þann mun sem virðist vera á /a/ og /ö/. Frekari rannsókna er þörf til að skýra samband staðbundinnar sjálfsmyndar, formlegra einkenna í framburði og tengsla við upprunastað. Loks er þess virði að kanna þátt meðvitundar um notkun svæðisbundins framburðar í því samhengi.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein er fjallað um vestfirsk framburðareinkenni og hugmyndir fólks um þau. Sagt er frá niðurstöðum greiningar á meginlegum og eiginlegum gögnum sem safnað var í rannsóknarverkefninu *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ). Vestfirskur framburður einkennist af því að bera fram hljóðönnin /a, ö, e/ sem einhljóð þegar eftir fara samhljóðaklasarnir /ng/ og /nk/ en flestir málhafar bera þar fram tvíhljóð. Rannsóknin byggir á gögnum frá Vestfirðingum sem tóku þátt í netkönnun (N = 77) og einstaklingviðtölum (N = 11). Þátttakendurnir í netkönnuninni luku framburðarprófi, hlustuðu á svæðisbundinn framburð annan en sinn eigin og svöruðu spurningum um viðhorf til eigin framburðar. Í einstaklingviðtölunum voru kannaðar nánar hugmyndir þátttakenda og viðhorf til eigin framburðar til að álykta um möguleg áhrif viðhorfa á þróun svæðisbundins framburðar. Niðurstöðurnar benda til þess að vestfirsk framburðareinkenni séu á undanhaldi. Einhljóðaframburður á /a/ og /ö/ fyrirfinnst enn en hans gæti frekar hjá eldri málhöfum en yngri. Þrátt fyrir lækandi tíðni er greinileiki vestfirsks framburðar þó nokkur, en talsvert meiri meðvitund er að finna meðal eldri kynslóða en yngri. Við greiningu á alþýðuhugmyndum á vestfirsku kemur í ljós að þátttakendur tengja vestfirsku að öllu leyti við einhljóðaframburð á /a/. Vísbendingar

eru um að tengsl við upprunastað hafi áhrif á viðhorf til vestfirsku og áframhaldandi notkun hennar. Að auki birtust þrjú þemu hjá þátttakendum sem tengjast sambandi milli vestfirsks einhljóðaframburðar og stafsetningar, hugmyndum um dæmigerðan framburð þjóðþekktra einstaklinga og mati á notkun vestfirsku sem ýktri.

Lykilorð: Svæðisbundinn framburður, tilbrigði, alþýðumálfræði, viðhorf, málbreytingar, rauntímabreytingar, vestfirska

ABSTRACT

Regional pronunciation in the Westfjords: Status, awareness and folk ideas

This paper examines the phonological features connected with the regional pronunciation associated with the Westfjords, i.e. Westfjordian, and speakers' folk ideas about them. Findings are presented from both quantitative and qualitative data collected as part of the research project *Regional Pronunciation, Attitudes, and Real-Time Change* (RePARC). Westfjordian pronunciation is characterized by the realization of the vowels /a, ö, e/ as monophthongs preceding the consonant clusters /ng/ and /nk/, where most speakers produce a diphthong. The study draws on data from Westfjords residents, current and former, who participated in an online survey (N = 77) and in-depth interviews (N = 11). Survey participants completed a pronunciation test, listened to regional pronunciation other than their own, and responded to questions about their attitudes toward their own variety. The interviews provided deeper insights into participants' ideas and attitudes, allowing for reflections on their potential influence on the development of regional pronunciation. Results indicate that Westfjordian monophthongal pronunciation is retreating. However, monophthongal pronunciation of /a/ and /ö/ is still to be found, particularly among older speakers, and remains perceptible, with significantly greater awareness among older generations. Analysis of folk conceptions reveals that participants mainly associate Westfjordian with monophthongal pronunciation on /a/. There are indications that attitudes towards the variety and its usage relate to speakers' ties with the place of origin. Additionally, three folk themes emerged: the relationship between Westfjordian monophthongal pronunciation and orthography, associations with the speech of nationally renowned individuals, and perceptions of the speakers' use of Westfjordian pronunciation as exaggerated.

Keywords: Regional pronunciation, language variation, folk linguistics, attitudes, linguistic change, real-time change, Westfjordian

ÁSA BERGNÝ TÓMASDÓTTIR OG STEFANIE BADE

ÁSA BERGNÝ TÓMASDÓTTIR

Doktorsnemi í málvísindum

Institutt for lingvistiske og nordiske studier

Universitetet i Oslo

a.b.tomasdottir@iln.uio.no

STEFANIE BADE

Aðjunkt í íslensku

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið Háskóla Íslands

stefanie@hi.is